

MOSFELLINGUR

2. TBL. 24. ÁRG. FIMMTUDAGUR 6. FEBRÚAR 2025 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Skarphédinn Hjaltason júdómaður og Erna Sóley Gunnarsdóttir kúluvarpari

Íþróttafólk Mosfellsbæjar



SKARPHÉDINN
OG ERNA SÓLEY

Mynd/RaggiÓla

VILTU SELJA?

HAFÐU SAMBAND Í
SÍMA 586-8080 EÐA
FASTMOS@FASTMOS.IS

Fasteignasala Mosfellsbæjar



LED BORÐA - VINNULJÓS
FRÁBÆR LAUSN!

10, 15 OG 20m - IP65 - 1500 lúmen pr meter.
Þú bara tekur borðann af rúllunni og stingur í samband

IP65
VATNSHELT



redder
Byggingalausnir

Hyrjarhöfða 2
S. 558 0888
www.redder.is



KRANSAKAKAN FYRIR FERMINGUNA
FÆST Í MOSFELLSBAKARÍ

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS



Mosfellingurinn Guðrún Helgadóttir forstöðumaður ungmennastarfs

**Þetta er skemmtileg-
asta starf í heimi** »22

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkort: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 6. MARS

Opnum Skálafell!

Skíðasvæðið í Skálafelli er lokað síðan vetur, annað árið í röð. Skrifað var undir samkomulag árið 2018 um uppbyggingu á svæðinu sem í dag ætti að vera langt komin en ekkert bólar á. Búið var að samþykka fjármagn í verkefnið og auðvitað taka glansmyndir af öllum helstu þáttakendum með fögur fyrirheit í huga. Það eru samtök



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem séð hafa í sameiningu um skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóri samtakanna svaraði í fréttum nýlega eins og alvöru pólitíkus að skoða þyrfti hinar ýmsu sviðsmyndir. Og af orðum hans að dæma virðist ekkert víst að farið verði í uppbyggingu á svæðinu yfirhöfuð.

Skálafell er sólríkt og fjölskyldu-svænt og í öðru veðrakerfi en Bláfjöll sem hafa fengið sína upplýftingu. Við Mosfellingur eigum að láta í okkur heyra og setja alvöru pressu og berjast fyrir opnun Skálafells á ný, í tínfæti heilsueflandi samfélags.



ÍSFLUGL

www.isflugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

ÞORRINN GENGINN Í GARÐ

Með fylgja auglýsingar í ljósu sögunnar...

Þorrablótíð hafið

„Guð gæfi, að ég væri kominn í rúmið, háttadur, sofnaður, vaknaður aftur og farinn að éta“.



Þorrrinn

byrjar í dag. Það er gamall og góður siður að gera sjer þá einhvern dagamun.

Hangikjöt og Bjúgu

frá Sláturfjelagi Suðurlands er tilvalinn matur í Þorrablótíð.

Kjötþúðin Týsgötu 1

Sími 4685.

ÞORRABLÓT

AFTURELDINGAR



laugardagskvöldið 23. janúar 2010

ÞRÓTTAÐSINU AÐ VARMA

INGÓ OG VEDURGUPIRNIR

VEISLUSTJÓRAR AUÐDI OG SVEPPI

BOB GILLAN OG ZTRANDVERDIRNIR

N1 SUBWAY

Forsalan er hafin á N1 í Háholti

Uppþingir varðaðar barþopparar í síma 650-4035 ávaxa 066

Míðaverð: 6.500 kr. Míði eftir kl. 23:30: 2000 kr. í forskoti / 2.000 kr. við þingning

Allur ágóði rennur til barna- og unglingsstarfa Aftureldingar

HÓSIÐ OPNAR KL. 19

BORÐHALD HEFST KL. 20

VIGNIR Í HLEGARDI SÉR UM HLABBORIÐ

MINNI KARLA

MINNI KVENNA

UMFA

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?



Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn



Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodor Emil
Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur
Benediktsson
Lögg. fasteignasali



UGLUGATA 56

Einstaklega glæsileg 150,8 m², 5 herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í fjórþýlishúsi. Íbúðin er vel skipulögð með fallegu útsýni og mikilli lofthæð. Frábær staðsetning neðst í Uglugötu rétt við Álafosskvos.

V. 111,9 m.



REYKJAMELUR 14A

Nýlegt og mjög fallegt 150,0 m² parhús á einni hæð með bílskúr. Mikil lofthæð, hljóðdúkur í alrými með innbyggðri lýsingu. Fallegar innréttingar frá Kvík. Frábær staðsetning innst í botnlanga.

V. 129,9 m.



HJALLAHLÍÐ 19C

Rúmgóð og vel skipulögð 4-5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjórþýlishúsi ásamt bílskúr á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Svalir í suðvesturátt með fallegu útsýni.

V. 87,9 m.

MEÐ BÍLSKÚR



GERPLUSTRÆTI 20

Falleg og vel skipulögð 67,1 m², 2ja herbergja íbúð með sérinngangi af svalagangi á efstu hæð í fjölþýlishúsi. Stórar svalir í suðurátt (ca. 15 m²).

V. 59,9 m.

LAUST FLJÓTLEGA



DESJAMÝRI 5

72,5 m² geymsluhúsnæði á afgirtu lokuðu svæði. Hámarkslofthæð 4,3 m og er búið að setja upp um 23 m² milliloft/geymslu loft innst í bilinu. Epoxy á gólfi. Engin VSK-kvöð er á eigninni.

V. 36,9 m.



DESJAMÝRI 11C

118,9 m² atvinnuhúsnæði, ásamt um 160 m² sérafnotasvæði sem tilheyrir eigninni. Stór innkeyrsluhúð og inngönguhúð er á rýminu. Lóð er malbikuð og afgirt með rafmagnshliði.

V. 54,9 m.

LAUST STRAX

HULDUGATA 2-4

Nýjar 2-3 herbergja íbúðir með möguleika á hlutdeildarlánnum
Afhendast fullbúnar í maí 2025

Hlutdeildarlán!



ÍBÚÐIRNAR ERU 2JA TIL 3JA HERBERGJA

Afhendast fullbúnar í maí 2025 með innréttingum og gólfefnum en auk þess afhendast þær með ísskáp, innbyggðri uppþvottavél, sambyggðri þvottavél/þurrkara og rúllugardinum.

Verð kr. 58.000.000 og 69.000.000



108 börn mæta ekki í leikskólann • Foreldrar skora á fulltrúa bæjarins að semja

VERKFAÐI Á HÖFÐABERGI

„Vonandi ná aðilar saman svo verkfalli ljúki sem fyrst,“ segir Tinna Rún Eiríksdóttir leikskólustjóri á Höfðabergi.

Verkfall er hafið í 14 leikskólum og 7 grunnskólum víða um land. Kennarar, ríki og sveitarfélög sátu á fundum hjá ríkissáttasemjara alla helgina en hafa ekki náð saman til þessa. Enginn fundur hafði verið verið boðaður í deilunni þegar Mosfellingur fór í prentun.

Leikskólakennarar á Höfðabergi, einum fjölmennasta leikskólunum í Mosfellsbæ, eru farnir í verkfall og það hefur áhrif á flestar deildir skólans en leikskólinn er níu deilda skóli og í sex deildum eru fagmenntaðir leikskólakennarar sem deildarstjórar.

Á Höfðabergi eru börn á aldrinum 3-5 ára. Óbreytt starfsemi er á einni deild, tvær deildir eru opnar að hluta en sex deildir lokaðar.

Mikilvægur hópur í okkar barnmarga samfélagi

„Kennarar eru fjölmennur og mjög mikilvægur hópur í okkar barnmarga sveitarfélagi og það er til mikils að vinna að ná að bæta starfsumhverfi í grunn- og leikskólum,“ segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga fer með samningsumboðið fyrir hönd stjórnar sambandsins og það er mikilvægt að deilan verði leyst við það samningaborð og einstaka bæjarstjórar og sveitarstjórnir hafa almennt ekki tjáð sig opinberlega um deiluna.“

Áskorun til bæjaryfirvalda frá foreldraráðum

Bæjaryfirvöld hafa fengið áskorun frá foreldraráðum í leik- og



Á LEIKSKÓLANUM ER NÚ TAKMÖRKUÐ STARFSEMI

grunnskólum bæjarins, um að beita sér fyrir því að samningar náist.

„Við skorum á að þau loforð sem gefin voru kennurum árið 2016 verði uppfyllt svo allir megi ganga sáttir frá borði. Við förum fram á að Mosfellsbær skorist ekki undan sinni ábyrgð og nýti atkvæðarétt sinn innan Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að berjast fyrir að komið verði til móts við kröfur kennara,“ segir í tilkynningunni.

Tungubakkahringur upplýstur • Öðrum áfanga ljúki í haust • Hestamennska allt árið

Fyrsti áfangi lýsingar vígður

Jón Geir Sigurbjörnsson, formaður Hestamannafélagsins Harðar, og Halla Karen Kristjánsdóttir formaður bæjarráðs klipptu á borða á miðvikudaginn í síðustu viku og vígðu þar með fyrsta áfanga lýsingar á Tungubakkahringnum svonefnda.

Mikið öryggismál og lyftistöng fyrir alla

„Það er gleðilegt að fyrsti áfangi af lýsingu Flugvallarhringsins eða Tungubakkareidleiðar er klár,“ segir Halla Karen Kristjánsdóttir formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar.

„Í fjárhagsáætlun 2025 settum við 25 milljónir króna í 2. áfanga lýsingu á þessum sama hring og það er ánægjulegt að segja frá því að það verður strax farið í hönnun en verkið kemur til framkvæmda í sumar og er áætlað að því ljúki um haustið.“

Svona lýsing er mikið öryggismál fyrir hestamenn og einnig mikil lyftistöng fyrir alla sem stunda hestamennsku því þá er hægt að fara í reiðtúr eða hreyfa hestana sína á hvaða tíma sem er í skammdeginu. Til hamingju!“

Lýsing á reiðleiðum í forgangi

„Reiðvegirnir eru íþróttamannvirki okkar hestamanna,“ segir Jón Geir Sigurbjörnsson formaður hestamannfélagsins Harðar.



HALLA KAREN OG JÓN GEIR Í NÝJU LJÓSI

„Hestamennskan er stunduð allt árið um kring og lýsing á okkar helstu reiðleiðum hefur verið í forgangi hjá okkur um árabil. Bæði til að auka nýtingu og ekki síst til að auka öryggi iðkenda okkar.“

Við fögnum því þessum fyrsta áfanga í

lýsingu á Tungubakkahringnum og hlökkum til áframhaldandi uppbyggingar.“

Með þeim Jóni Geir og Höllu Karen á myndinni er hryssan Fluga en hún ásamt vel völdum félögum úr Herði hleyptu á skeið undir ljósum í fallegu vetrarveðri.



Áframhaldandi framkvæmdir að Varmá

Mosfellsbær hefur óskað eftir tilboðum í verkið Varmárvöllur, aðalvöllur og frjálsíþróttastaða – Lagnir og yfirborðsfrágangur. Framkvæmdir er áfangaskipt og felst annars vegar í fullnaðarfrágangi undir nýtt gervigras á knattspyrnuvelli og hins vegar í fullnaðarfrágangi á nýju frjálsíþróttasvæði norðan við nýjan gervigrasvöll. Fyrri áfangi felur í sér frágang knattspyrnuvallar m.a. frágang fyllingar, lagningu fráveitu- og vatnslagna, vatnsúðakerfis, snjóbræðslu og ídráttarröra fyrir ljósamöstur ásamt undirbyggingu fyrir gervigras, uppsetningu girðinga, malbikun stíga og þökulagningu nærsvæða við völlu. Seinni áfangi innifelur frágang frjálsíþróttasvæðis m.a. frágang fyllingar, lagningu fráveitu- og snjóbræðslulagna og rafstregja ásamt landmótun, malbikun, grjótleiðslu og öðrum yfirborðsfrágangi. Fyrri áfanga skal lokið 15. júlí 2025 og seinni áfanga 31. október 2025.



Nóri heldur sína fyrstu tónleika

Tónlistarmaðurinn og Mosfellingurinn Nóri (Arnór Orri Atlason) heldur sína fyrstu tónleika í Hlégarði laugardaginn 8. febrúar. Á tónleikunum verða flutt óútgefin lög í bland við hans vinsælustu lög. Í samvinnu við leynigesti mun Nóri tjalda öllu til og trylla lýðinn. Hann 16 ára gamli Nóri hefur unnið að tónlist í tvö og hálf ár og hefur notið góðs af tónlistaraðstöðu Bólsins. Hann leggur nú stund á nám hjá Tónhyl Akadémíu. Húsið opnar kl. 21:30 og tónleikarnir hefjast um 22:00. Miðasala fer fram á midix.is.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagurinn 9. febrúar

Fjölskyldugudsþjónusta kl. 13:00. Umsjón með stundinni hafa Sr. Henning Emil Magnússon og Andrea Gréta Axelsdóttir. Um tónlistina sjá Hafdís Huld og Alisdair Wright.

Sunnudagurinn 16. febrúar

Sunnudagaskóli kl. 13:00.

Heilunargudsþjónusta kl. 20:00.

Prestur sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn. Vigdís Steinþórsdóttir og hópur heilara tekur þátt í guðsþjónustunni. Organisti Árni Heiðar Karlsson.

Sunnudagurinn 23. febrúar

Sunnudagaskólinn kl. 13:00.

Konudagsmessa kl. 20:00

Prestur er sr. Henning Emil Magnússon. Kvinnakórinn Stöllurnar syngur undir stjórn Heiðu Árnadóttur.

SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG

Vertu með í sókninni!



Allar upplýsingar um safnaðarstarfið er hægt að nálgast á heimasíðu kirkjunnar: www.lagafellskirkja.is

RAM 3500 FREMSTUR Í FLOKKI

BJÓÐUM NOKKRA SÝNINGARBÍLA
Á FRÁBÆRU VERÐI



RAM

**1.000.000–
2.000.000 KR.
AFSLÁTTUR**



RAM 3500 MEGA CAB NIGHT EDITION



RAM 3500 CREW CAB 40" BREYTING



RAM 3500 CREW CAB

EIGUM FJÖLBREYTT ÚRVAL RAM PALLBÍLA TILBÚNA TIL AFHENDINGAR

RAM pallbíllinn hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Til marks um það hafa fjölmörg fyrirtæki og stofnanir valið RAM pallbíla fyrir sína starfsemi. Sannarlega vinnufélagi sem allir vilja fá til starfa. Eigum flestar gerðir RAM 3500 tilbúna til afhendingar. Breytingapakkar og fjölmargar tækninýjungar í boði fyrir þá sem þurfa vinnufélaga sem hægt er að treysta.

Breytingaverkstæði ÍSBAND sérhæfir sig í breytingum og uppsetningum á aukabúnaði fyrir RAM.

**BJÓÐUM UPP
Á 35"–40"
BREYTINGAR**

EVROPUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBODI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

ISBAND

UMBOÐSADILI RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10–17 • LAUGARDAGA 12–16



Pétur Jóhann með uppistand í Hlégarði

Skemmtikrafturinn Pétur Jóhann Sigfússon stendur fyrir uppistandi í Hlégarði fimmtudaginn 27. febrúar. Pétur Jóhann þarf vart að kynna en hann hefur skemmt Íslendingum allar götur síðan hann var valinn fyndnasti maður Íslands árið 1999. „Rugl“ verður lögmál og skipulag verður bara óþarft orð,“ segir Pétur Jóhann sem er með allra fyndnustu grínistum landsins. Miðasala fer fram á Tix.is en uppistandið hefst kl. 21:00 þetta fimmtudagskvöld.

Opinn íbúafundur haldinn í Hlégarði • Betri samgöngur og Vegagerðin kynntu útfærslur

Framkvæmdir Samgöngusáttmála kynntar Mosfellungum

Þriðjudaginn 21. janúar fór fram opinn íbúafundur í Hlégarði þar sem Samgöngusáttmálinn var kynntur fyrir fullum sal áhugasamra íbúa.

Á fundinum kynntu helstu sérfræðingar hjá Betri samgöngum og Vegagerðinni einstakar útfærslur samgöngusáttmálans. Bæjarstjóri, Regína Ásvaldsdóttir, opnaði fundinn og kynnti helstu samningsmarkmið með uppfærslu samgöngusáttmálans en hann var undirritaður í ágúst síðastliðnum. Lengt var í samkomulaginu sem gildir nú til ársins 2040.

Borgarlína og Sundabraut á dagskrá

Það mun þó ekki hafa áhrif á fyrirhugaða lagningu Borgarlínunnar sem mun fara í gegnum Blikastaðahverfið að Háholti. Þá sagði Regína þátttöku ríkisins í rekstri almenningsgangna mjög mikilvægan



SAMGÖNGUR SKIPTA MÁLI

þátt en ríkið kemur inn með 33% af kostnaði við reksturinn frá 1. janúar 2025.

Þá var farið yfir kynningargögn í skipulagsgátt en samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að Sundabraut verði lögð í einum áfanga og framkvæmdir hefjist árið 2026 og ljúki árið 2031.

MARKMIÐ SÁTTMÁLANS

- Greiðari samgöngur og fjölbreyttir ferðamátar
- Kolefnishlutlaust samfélag
- Aukið umferðaröryggi
- Samvinna og skilvirk framkvæmd
- Bætt lýðheilsa

Af þeim 311 milljörðum sem áætlað er að setja í samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040 fara 42% í stofnvegaframkvæmdir, 42% í Borgarlínuna, 13% í hjóla- og göngustíga og 3% í umferðarstýringu, flæði og öryggi.

Upptöku af fundinum Greiðari samgöngur - allra hagar má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is

Fjölskylduguðsþjónusta í Lágafellskirkju

SUNNUDAGINN 9. FEBRÚAR 2025 KL. 13:00



Umsjón með stundinni hafa Sr. Henning Emil Magnússon og Andrea Gréta Axelsdóttir. Um tónlistina sjá Hafdís Huld og Alisdair Wright.



KRAFTUR **K**

Lífið er **núna**

Kaupu húfu og sýndu **kraft í verki** til stuðnings ungu fólki með krabbamein og aðstandendum

lifidernuna.is



Húsmæðraorlof 2025 Gullbringu- og Kjósarsýslu

Orlofsnefnd húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir sveitarfélögin Garðabæ, Kjósarhrepp, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes auglýsir hér með orlofsferðir fyrir árið 2025.

2. - 9. júní 2025 8 daga ferð/ 7 nætur

Glæsileg ferð um Istríaskagann í Króatíu - Pula, Porec, Rovinj, Krk eyjan o.fl. verður skoðað

18. – 26. september 2025 9 dagar/ 8 nætur

Dónár sigling um helstu perlur Austurríkis, Slóvakíu og Ungverjlands

27. nóvember – 1. desember 2025 5 dagar/ 4 nætur

Aðventuferð til Þýskalands með kvöldsiglingu á Rín

Rétt til að sækja um orlofsferð hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Upplýsingar um ferðirnar og skráning er á vefsíðunni www.orlofgk.is einnig er hægt að senda tölvupóst á orlofgk@gmail.com





Hvað á nýi leikskólinn við Vefarastræti 2-6 að heita?



Í Helgafellshverfi er að rísa nýr leikskóli við Vefarastræti 2-6.

Leikskólinn verður fyrir allt að 150 börn á aldri 1 árs til 5 ára.

Gert er ráð fyrir að starfsemi hans hefjist í ágúst 2025.

Nú leitum við til bæjarbúa og annarra áhugasamra um hugmyndir að nafni á leikskólann.

Taktu þátt og sendu inn þína hugmynd á mos.is/nyrleikskoli

Hægt er að senda inn hugmyndir að nafni til og með 20. febrúar 2025.

mos.is/nyrleikskoli



Vöflukaffi

8. febrúar milli 11-13

Fyrsta vöflukaffi ársins!

- alls ekki það síðasta!

Laugardaginn 8. febrúar er opið hús í nýrri fundar- og samkomuáðstöðu Framsóknar Bjarkarholti 2 (gamla Háholti 14), 2 hæð milli klukkan 11 og 13.

Við bjóðum gestum og gangandi upp á kaffi og nýbakaðar vöflur.

Stjórn og bæjarfulltrúar Framsóknar í Mosfellsbæ verða á staðnum og vilja ræða málefni bæjarfélagsins sem brenna á þér.

Við höldum áfram á nýju ári í Bjarkarholtinu. Það verða áfram skipulagðir viðburðir hjá okkur þar sem tilvalið er að koma við og spjalla við kjörna fulltrúa um allt milli himins og jarðar í málefnum Mosfellsbæjar. Fylgist með á vefmiðlum okkar.



www.framsoknmos.is

Framsókn Mosfellsbæ

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN BRÚARLANDI • FRAM UNÐAN Í STARFINU



tefla, dansa og syngja. Endalausir möguleikar. Alltaf verður heitt á könnunni og hlýlegt að koma til okkar. Nýtum fallega Hlégarð til samveru. Ef þú hefur einhverjar góðar hugmyndir sem ættu heima í þessum samverustundum, endilega hafðu samband við Elvu forstöðumann félagsstarfsins í síma 6980090 eða elvab@mos.is.

AÐALFUNDUR FaMos

Aðalfundur Félags aldraðra í Mosfellsbæ verður haldinn í Hlégarði 24. febrúar kl. 19:30. Eftir aðalfundastörfin kemur þjóddansahópurinn „Sporið“ fram. Eftir dansinn verður síðan boðið upp á örporrablót.

Pokakast

Í Hlégarði kl. 13:00 alla þriðjudaga. Verið velkomin.



Línudans

Alla þriðjudaga, byrjendur kl. 14:30, lengra komin kl. 15. Verið velkomin.

Áhugi á ljósmyndun?


Okkur í Félagsstarfinu Brúarlandi langar að stofna hóp fyrir fólk sem hefur gaman af ljósmyndun, hvort sem það er að fara út og taka myndir, skoða þær saman, tækjaval og allt annað sem gæti því tengst. Ef þetta er eitthvað sem snertir þitt áhugasvið endilega hafðu samband í síma 586-

8014 eða á felagsstarf@mos.is og við söfnum í hóp. Hlökkum til að heyrna frá þér.



Jóga

Við erum byrjuð með jóga í Brúarlandi, það hefur lukkast mjög vel og viljum við kanna áhuga á fleiri tímum sem yrðu þá á föstudögum fyrir hádegi. Endilega hafðu samband og við söfnum í hóp í síma 586-8014 eða á felagsstarf@mos.is. Kennari er Kristín jógakennari. Hlökkum til að heyrna frá þér.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Jónas Sigurðsson formaður
jonass@islandia.is

Jóhanna B. Magnúsdóttir varaformaður
hanna@smart.is

Þorsteinn Birgisson gjaldkeri
thorsteinn.birgis@gmail.com

Guðrún K. Hafsteinsdóttir ritari
gunnasjana@simnet.is

Ólafur Guðmundsson meðstjórnandi
polarafi@gmail.com

Ingibjörg G. Guðmundsdóttir varamaður
igg@simnet.is

Hrund Hjaltadóttir varamaður
hrundhj@simnet.is



Sumarstörf í Mosfellsbæ



Mosfellsbær auglýsir sumarstörf fyrir ungt fólk
Opnað hefur verið fyrir umsóknir.

- **Flokksstjóri í Vinnuskóla Mosfellsbæjar**
(lágmarksaldur 20 ára á árinu)
- **Almenn sumarstörf fyrir ungt fólk / með stuðning**
(16-20 ára)
- **Flokksstjóri í garðyrkjudeild**
(lágmarksaldur 20 ára árinu)
- **Almenn störf í garðyrkjudeild**
(lágmarksaldur 17 ára á árinu)
- **Þjónustustörf og sundlaugargæsla íþróttamiðstöðvum**
(lágmarksaldur 18 ára á árinu)

- **Aðstoð við fötluð börn og ungmenni**
(lágmarksaldur 18 ára á árinu)

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur um öll störf er til og með 20. mars 2025

Vinsamlegast athugið að ekki verður tekið við umsóknum sem að berast eftir þann tíma.

Nánari upplýsingar um störf, starfsheiti, starfssvið, hæfniskröfur, laun og vinnutímabil er að finna á heimasíðunni [mos.is/sumarstorf](https://www.mos.is/sumarstorf)

TIL LEIGU

skrifstofuherbergi í Kjós

Mjög gott skrifstofuherbergi til leigu í Ásgarði í Kjós, ca. 10 fm með frábæru útsýni yfir Kjósina.

Mánaðarleiga er 30.000 kr. innifalið er rafmagn, hiti og internettenging, næstum því of gott til að vera satt.

Fyrir í húsinu eru skrifstofur sveitarfélagsins, hönnuður og lögfræðingur, við viljum gjarnan bæta við góðu fólki.

Nánari upplýsingar í gefur sveitarstjóri í sveitarstjóri@kjos.is eða í síma 566-7100.



ÖLL ALMENN JARÐVINNA

- Hellulagnir •
- Þökulagnir •
- Vélarvinna •
- Malbik- og steinsögun •
- Snjóbræðslulagnir •
- Grjót/steinhleðslur •
- Drenlagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

husrad@husradverktakar.is



Vetrarhátíð



Uppljómað Helgafell dagana 7. og 8. febrúar

Vetrarhátíð 2025 er haldin dagana 6. - 9. febrúar á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Af því tilefni verður Helgafell baðað ljósum föstudaginn 7. febrúar og laugardaginn 8. febrúar.

Ljósinn verður kveikt kl. 20:00 þann 7. febrúar og eru íbúar hvattir að fylgjast með.

Mosfellsbær

Þverholti 2


525-6700

www.mos.is



DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ

BESTA FUGMYND DAGSINS





Mosfellsbær hélt opinn íbúafund um 1. áfanga Blikastaðalands • Stærsta óbyggða land innan höfuðborgarsvæðisins

NÝ BYGGÐ, NÝJAR ÁHERSLUR

Um miðjan janúar var haldinn opinn íbúafundur í Hlégarði um vinnslutillögu vegna deiliskipulags 1. áfanga í Blikastaðahverfi. Þetta er annar opni fundurinn um uppbyggingaráform í Blikastaðalandi en auk þess voru fyrstu gögn deiliskipulagsáforma, skipulagslýsingin, kynnt í lok ársins 2023.

Jóhanna Helgadóttir, arkitekt hjá Nordic arkitektum, kynnti tillögunna ásamt drögum að umhverfismati og Berglind Hallgrímsdóttir, samgönguverkfræðingur hjá Eflu, fór yfir samgöngur Blikastaðalandsins, ásamt áhrifum bættra almenningsgangna og tilkomu fyrirhugaðrar Sundabrautar. Valdimar Birgisson formaður skipulagnefndar var fundarstjóri.



Regína Ásvaldsdóttir
Bjarastjóri

Á fundinum var einnig kynnt áþreifanlegt mól af tillögunni sem gestir gátu rýnt frá öllum sjónarhornum.

Það voru líflegar umræður í kjölfar erindanna og margar spurningar sem brunnu á fundargestum.

Við ræddum við Regínu Ásvaldsdóttur bjarastjóra Mosfellsbæjar í kjölfar íbúafundarins.

Hvernig á að koma öllum þessum íbúafjölda fyrir í þeim skólum og leikskólum sem eru í bænnum í dag og annarri þjónustustarfsemi?

Vorið 2022 var gerður uppbyggingarsamningur um Blikastaði en svæðið er eitt



stærsta óbyggða land innan höfuðborgarsvæðisins eða um 90 hektarar að stærð. Samningurinn tók til alls uppbyggingarsvæðisins, en gert er ráð fyrir 3.500 íbúðum í heildina og um 9 þúsund íbúum. Núna er hins vegar verið að kynna skipulag vegna fyrsta áfangans sem er um 1.270 íbúðir og áætlaður íbúafjöldi um 3.500 manns.

Gert er ráð fyrir því að Blikastaðaland byggist upp á 15-20 árum og er því fjölgunin í takt við það sem hún hefur verið í bænnum síðastliðin 20 ár. Forsenda íbúðauppbyggingarinnar er að þarna verði a.m.k. einn grunnskóli í fyrsta áfanganum og tveir leikskólar.

Þá verður hugað að verslun og þjónustustarfsemi í kringum Blikastaðabæinn

og þar sem Borgarlínan kemur. Enn fremur erum við að skoða þörf á velferðarþjónustu á svæðinu og íþróttamannvirkjum.

Mun Borgarlínan ekki frestast eins og aðrar framkvæmdir í tengslum við Samgöngusáttmálann?

Borgarlínan á að koma á þetta svæði í kringum 2033. Tímaáætlanir um Borgarlínu til Mosfellsbæjar standa óbreyttar þótt samgöngusáttmálinn hafi verið lengdur til 2040. Það sem kallast lota 6 hefur verið færð fram í forgangs röðun.

Hvernig verður með umferðina til og frá hverfinu?

Það er mat þeirra sérfræðinga sem hafa



BLIKASTAÐABÆRINN MUN
ÖÐAST NÝTT HLUTVERK

» **Samkvæmt tillögunum þá verður þéttast byggt í kringum Blikastaðabæinn þar sem Borgarlínan á að koma og húsin eru hæst næst Vesturlandsveginum.**

gert umferðarmælingar að í fyrsta áfanga byggðarinnar verði hægt að nýta Baugshlíðina. Við höfum hins vegar óskað eftir að Vegagerðin komi að útfærslu á aðkomu að svæðinu og við bindum líka miklar vonir við Sundabrautina, að hún minnki álag á umferðinni um Vesturlandsveg í framtíð.

Klapparkollar

Blikastaðabærinn

Borgarlína



inni. Þá mun Borgarlínan breyta miklu í samgöngumálum hverfisins og þeim umferðarhnútum sem Mosfellingar upplifa, s.s. í Ártúnubrekkunni og víða.

Hvernig verður byggðin hvað þéttleika varðar? Mun ásýnd Mosfellsbæjar breytast?


Samkvæmt tillögnum þá verður þéttast byggt í kringum Blickastaðabæinn þar sem Borgarlínan á að koma og húsin eru hæst næst Vesturlandsvegnum. Byggingarsvæðið er mun lægra en Vesturlandsvegurinn og það hefur áhrif á ásýndina.

Stærstur hluti svæðisins mun skarta húsum á 2-3 hæðum í anda sveitarfélagsins. Það verður mikið lagt upp úr grænum svæðum og að ásýnd hverfisins verði sem mest í tengslum við náttúruna. Það er oft talað um þéttingu byggðar í þessu samhengi en þarna er um óbyggt svæði að ræða þannig að hugtakið þétting byggðar á ekki við í þessu tilviki. Þétting er þegar nýjum byggingum er komið fyrir í grónum hverfum.

» Gert er ráð fyrir því að Blickastaðaland byggist upp á 15-20 árum og er því fjölgunin í takt við það sem hún hefur verið í bænum síðastliðin 20 ár.

Einnig hefur Helgafellshverfið verið nefnt til samanburðar en á það ber að líta að það hverfi er allt öðruvísi byggt upp, með þéttleika á milli fjölbýlishúsa og mörgum stórum einbýlishúsalóðum á meðan þetta hverfi mun einkennast af litlum fjölbýlishúsum og smærri sérþýlum.

Við mótun byggðarinnar hefur verið tekið mið af skuggavarpum og sólarstundum, eins og kynningargögnin sýna. Byggðin er almennt höfð lágrest en húskroppar í nokkru návígi hver við annan til þess að brjóta upp vind og skapa æskileg vind-



HORFT YFIR 1. ÁFANGA

þægindi þar sem dvalarsvæðin eru hugsuð. Þessir þættir náttúrunnar, sól og vindur, í bland við landfræðilegar aðstæður og gæði, hafa haft verulega mótandi áhrif á það hvernig húsin standa og snúa.

Er það rétt að þarna verði tæpt bílastæði á hverja íbúð?

Í þessari vinnslutillögu er ekki búíð að hanna húsin og eyrnamerkja hverri íbúð fjölda bílastæða. Meðaltöl sýna okkur að bílastæðin eru mismunandi eftir íbúðum. Hönnun í rammahluta aðalskipulags gerði ráð fyrir 1,8 bílastæðum á íbúð í landi Blickastaða.

Hvað verður um gamla Blickastaðabæinn?

Samkvæmt áætlunum um uppbyggingu Borgarlínu er gert ráð fyrir að hún liggji um Blickastaðabæinn. Bærinn mun öðlast nýtt hlutverk verslunar og þjónustu á miðsvæði byggðarinnar. Það er einmitt verið að kalla eftir hugmyndum að nýtingu bæjarins um þessar mundir og er Halldór Halldórsson eða Dóri DNA að vinna með eigendum Blickastaðalands að hugmyndavinnunni.

Hvernig hefur undirbúningurinn að verkefninu verið?



FJÖLMENNT Á ÍBÚAFUNDI

Greiningar, undirbúningur og tillögugerð hafa staðið yfir allt frá árinu 2018. Fjöldi fagaðila hefur komið að vinnu verkefnisins, þar á meðal Alta ráðgjöf, COWI verkfræðistofa, Nordic arkitektar, Efla þekkingarfyrtæki og landslagsarkitektastofa SLA í Kaupmannahöfn.

Hvernig verður ferlið fram undan?

Núna er verið að leggja fram vinnslutillögu að áfanga 1 í skipulaginu. Það er hægt að senda umsagnir í skipulagsgáttina á mos.is til 10. febrúar og eru íbúar og aðrir áhugasamir hvattir til að senda inn ábendingar. Það verður unnið úr þeim og deiliskipulagið mótað og kynnt vonandi í haust. Þá verður aftur boðað til íbúafundar og opnað verður fyrir athugasemdir um deiliskipulagið á ný.

Í stjórnsýslunni er verið að vinna að viðaukum við uppbyggingarsamkomulagið frá árinu 2022 og enn fremur að áhættugreina fjárfestingargetu bæjarins með tilliti til íbúafjölgunar.

Það er mikilvægt að það sé áframhaldandi vöxtur í bæjarfélaginu, til að greiða fyrir þá innviði sem við höfum verið að byggja upp á undanförunum árum en að sama skapi þá þurfum við að vanda okkur og stilla uppbyggingunni miðað við fjárfestingargetu okkar hverju sinni.



Viðburðir

Menning í mars 2025 - Skráðu þinn viðburð

Menning í mars er verkefni á vegum Mosfellsbæjar sem hefur það að markmiði að efla menningarstarf í bænum, gera það sýnilegra og hjálpa þeim sem að því standa að kynna sig.

Mosfellingar sem hafa áhuga á að bjóða upp á menningarviðburð í mars eru hvattir að skrá viðburðinn á mos.is/menningimars



HUNDAR SEM HLUSTA Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

LAUGARDAGINN 22. FEBRÚAR 2025


Bókasafnið býður börnum að koma í safnið og lesa sér til ánægju fyrir sérþjálfaða hunda. Tveir hundar verða á staðnum og komast sex börn að.

Vinsamlegast athugið að panta þarf tíma. Skráning fer fram á sumarfrístundarvef Völu: sumar.vala.is

Gott er að barnið hafi valið sér texta að lesa áður en lestarstundin hefst.



Nánari upplýsingar verða aðgengilegar á Facebook síðu Bókasafns Mosfellsbæjar og Instagram síðu klúbbsins @ungbokmos



Bókaklúbbur ungmenna

mun hittast reglulega í
Bókasafni Mosfellsbæjar

Opið öllum á aldrinum
14-20 ára

Næsti hittingurinn verður
mánudaginn 24. febrúar kl. 17
í Bókasafni Mosfellsbæjar



VETRARFRÍ

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

24. FEB.
KL. 13-15

FJALLAGEITUR OG KLIPPIMYNDIR -FYRIR BÖRN OG FJÓLSKYLDUR-

Í þessari skemmtilegu klippimynda-smíðju leikum við okkur með orð og myndir af fjöllum okkar í Mosfellsbæ. Smíðjustjóri er Vilborg Bjarkadóttir, myndlistarkona. Smíðjan er ókeypis og skráning óþörf.

25. FEB.
KL. 13-15

KÓRÓNUSMIÐJA -FYRIR BÖRN OG FJÓLSKYLDUR-


Hvern hefur ekki dreymt um að bera konunglegt höfuðjásn? Opin smíðja þar sem allur efniviður til kórónugerðar er til staðar. Smíðjan er ókeypis og skráning óþörf.



Sögunstund

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Miðvikudaginn 12. febrúar kl. 16:45



Í sögunstund febrúarmánaðar heimsækjum við Gunnjónu í bókinni „Blómin á þakinu“ eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur og Brian Pilkington.

Gunnjóna ákveður að flytja úr sveitinni sinni. Hana langar að upplifa hvernig er að búa í borg. Í blokkinni sem hún flytur í býr forvitinn krakki sem fylgist með því hvernig henni gengur að aðlagast borgarlífinu. Það gerir hún á sinn hátt og á endanum er borgaribúðin orðin nógu sveitaleg til að henni líði vel þar.

Öll velkomin!



Heild í Sýnishorninu

Fyrst til að sýna í Sýnishorninu, nýju örsýningarrými í Bókasafni Mosfellsbæjar, er Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir með verkið Heild.

Ásta Kristín útskrifaðist af textílbraut Myndlistaskólans í Reykjavík 2024. Hún vinnur með textíl og textílaðferðir á fjölbreyttan hátt, einkum heillar vefnaður.


Verk Ástu Kristínar eru oft lágstemmd og bera með sér ró og yfirvegund. Hún fæst gjarnan við gróður, landslag og form úr náttúrunni og vinnur mest með náttúruleg efni.

Hún vinnur einnig oft með gamlan textíl og gefur honum nýtt líf. Smáatriði, áferðir og nærmyndir eru fyrirferðarmikil í verkum Ástu Kristínar. Hún les mikið og notar oft ljóð og stök orð til að vinna áfram og dýpka hugmyndir sínar.

Nú stendur listfengum Mosfellingum til boða að sýna verk sitt í Sýnishorninu í tvo mánuði í senn.



Áhugasömum sýnendum er bent á netfangið bokasafn@mos.is fyrir frekari upplýsingar.



Listasalur Mosfellsbæjar  Pverholt 2, 270 Mosfellsbær

Næsta blað kemur út: 6. MARS

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 3. mars.



Listasalur Mosfellsbæjar  Pverholt 2, 270 Mosfellsbær

Styrkir Mosfellsbæjar 

Styrkir til lista- og menningarstarfsemi 2025



Menningar- og lýðræðisnefnd auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna listviðburða og menningarmála árið 2025.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, hópar og félagasamtök innan sem utan Mosfellsbæjar. Hægt er að sækja um styrki til almennrar listastarfsemi og/eða um styrki vegna viðburða eða verkefna í Mosfellsbæ.

Sótt er um á Mínum síðum til og með 8. mars.

Mosfellsbær

minarsidur.mos.is



Útforarþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



LOPI



Íslenskar værdarvoðir og púðaver frá Ístex

HLÉGARÐUR

Nóri

LEYNIGESTIR - NÝ TÓNLIST

8. FEB MIDIX.IS

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ
og stofnunum má sjá og sækja
um á ráðningarvef bæjarins:
www.mos.is/storf



Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700



ALLT
FASTEIGNASALA


Sérsniðin þjónusta til byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505

VERÐSKRÁIN FYRIR 2025 ER LENT

ÞETTA ERU VÉLARNAR SEM VERÐA Á LAGER Í SUMAR

HT10



Væntanleg eintök í janúar/febrúar
Þyngd: 1.000 kg
Vél: Eins cylendra Koop loftkældur
Afl: 7,6 kw/3.600 rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40 cm tennt skófla
Verð: 1.590.000.- án vsk

HT16



Væntanleg eintök í apríl
Þyngd: 1.600 kg
Vél: Tveggja cylendra Koop loftkældur með forhitara
Afl: 16,5 kw/3.600 rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40 cm tennt skófla og glussastýrður þumall
Verð: 1.990.000.- án vsk

HT20



Væntanleg eintök í apríl
Þyngd: 2.000 kg
Vél: Kubota D902
Afl: 20,4 hp/3.600 rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40 cm skófla, glussastýrður þumall, hitari í húsi
Verð: 2.690.000.- án vsk

**YFIR 50 TÆKI SELD
Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**



Verðum með allar stærðir af skóflum á lager ásamt öðrum aukahlutum.

Fyrir sérpantanir hafið samband við sölumann: arnar@ljardalur.is

**100.000 KR. AFSLÁTTUR
FYRIR ÞÁ SEM FORPANTA**
EINGÖNGU 30% STAÐFESTINGARGJALD



LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS



Hilmar Benediktsson og Freyja Rúnarsdóttir.



Eydís Elfa Örnólfssdóttir og Örnólfur Örnólfsson.



Yrja Dögg Kristjánsdóttir og Ásgeir Jónsson.



Ingibjörg Ívarsdóttir og Kristján Kristjánsson.



Ragna Sveinbjörnsd. og Jakob Smári Magnússon.



Karleggurinn í hópnum Sultur og pungar mætti þrúðbúinn á blót. Hópurinn þeirra fékk verðlaun fyrir best skreytta borðið á þorrablóti Aftureldingar 2025.



Rakel Ýr Guðmundsdóttir og Páll Líndal.

Þorrablót Aftureldingar var haldið í íþróttahúsinu að Varmá laugardaginn 25. janúar

ALDREI FLEIRI BLÓTAÐ



Erla Sigríður Gestsdóttir og Hugí Sævarsson.



Halla Karen og Regína bæjarstjóri í suðrænni sveiflu.



Það var glens og gaman við myndavegginn þegar Raggi Óla tók myndir af hressum gestum.



Enes Covic og Þórunn Jónsdóttir.



Hvað komast margir Mosfellingar inn á eina mynd í venjulegum myndakassa?



Geiri í Kjötþúðinni sá um að Mosfellingar gætu blótað þorra.



Erla Snædís Sveinbjörns og Andri Mar Björgvinsson.



Embla Líf Hallsdóttir og Viktor Adam Hallsson.



Iris Thelma Jónsdóttir og Birgir Rafn Ólafsson.



Agnes Sjöfn Reynisdóttir og Arnór Gauti Ragnarsson.



Steinar og Snæfríður Björgvinsdóttir.



Steingrímur Benediktsson og Drífa Björk Sturludóttir.



Pétur Þorvaldsson og Ruth Örnólfsdóttir.



Anna Kristín Ármannsdóttir og Erla Eiríksdóttir.



Hildur Björg Bæringsdóttir og Grétar Páll.



Þorrablótíð er orðið fastur liður hjá Mosfellingum í janúar.



Hilmar Gunn, Maggi Byron og Raggi Óla ásamt veislustjórunum Steinda og Audda.



Dagný Lena Nilsen og Kristinn Snær.



Rakel Ásgeirsdóttir og María Marta Sigurðardóttir.



Alltaf stuð og stemning þegar þessi hópur kemur saman að skemmta sér.



Ragnhildur og Drífa selja happdrættismiða.



Heiðrún Jóna og Andrés Vilhjálmsson.



Glæsilegur hópur Mosfellinga í íþróttahúsinu að Varmá. Þúsund gestir blótuðu í Mosfellsbæ, sem er metföldi í sögu þorrablótins hér í bæ.



Sigurður Rúnar Magnússon og Lóa Ólafsdóttir.



Sigurður Hansson og Alda Kristinsdóttir.



Ásgeir Halldórsson og Steinunn Ingvarsdóttir.



Davíð Svansson og Sunna Eiríksdóttir.



Hrefna Fanney og Sverrir Ágústsson.



Friðjón Örn og Sigurbjörg Erna.

Myndir Raggi Óla/Maggi Byron

Deiliskipulag 1. áfanga

Náttúruleg byggð á Blikastöðum

Skipulag Blikastaðalands leggur grunn að öfluggu og eftirsóknarverðu hverfi sem styrkir nærumhverfið og bætir lífsgæði þeirra sem þar búa og starfa eða sækja þangað þjónustu og afþreyingu.

Húsagerð: tveggja til fjögurra hæða byggingar með einstaka fimm hæða hornbyggingum miðsvæðis.

Gerð er skýr krafa um uppbot, form og þakgerðir sem skapa fallega byggð og góðan staðaranda.



7.500 fermetrar af nýrri verslun og þjónustu í og við Blikastaðabæinn.

Gert er ráð fyrir bílastæðalausnum í kjöllurum, innan lóða og samsíða götum.

Byggðin er mótuð út frá útreikningum um skuggavarp, sólarstundir, skjól og ríkjandi vindáttir.

Umsagnafrestur er til og með 10. febrúar 2025.
Gögn eru aðgengileg á skipulagsgatt.is








Gamli Blikastaðabærinn verður hjarta hverfisins með aðstöðu fyrir mannlíf, menningu og verslun.


1.270 nýjar íbúðir og sérbylí fyrir Mosfellinga framtíðarinnar í blandaðri byggð fyrir öll aldursskeið í sama hverfi.




Heilsueflandi hverfi þar sem náttúra og byggð fléttast áreynslulaust saman. Endurmótaður Skálatúnslækur skapar fjölbreytt dvalar- og afþreyingarsvæði með gróðri, dýralífi og kyrrð.




Áhersla á virkar og vistvænar samgöngur og tengingu Mosfellsbæjar við Borgarlínu.



Fjölbreyttir göngu-, hjóla- og útivistarstígar tengja saman fimm ný leiksvæði og opna leiðir til útivistar í náttúru umhverfis Mosfellsbæ.



Göngufæri í nýjan grunnskóla og tvo leikskóla þar sem byggingar mynda flæði með náttúrulegu umhverfi.



Þetta er skemmtilegasta starf í heimi

Í félagsmiðstöðvum Mosfellsbæjar er boðið upp á uppbyggilegt frístundastarf fyrir 10-16 ára börn og unglinga. Markmiðið er að stuðla að jákvæðum og þroskandi samskiptum og örva félagsþroska þeirra og lýðræðisvitund.

Guðrún Helgadóttir forstöðumaður segir að börn og unglingar í Mosfellsbæ séu til einstakrar fyrirmyndar, þau séu bæði hugmyndarík og kurteis. Auðvitað passi ekki allir undir sama hatt en þá þurfi að finna leið til að þau finni sig og nái að vera besta útgáfan af sjálfum sér.

Guðrún er fædd á Akureyri 1. júlí 1975. Foreldrar hennar eru Helga Stefánsdóttir og Helgi R. Einarsson en þau störfuðu bæði sem kennarar.

Guðrún á þrjár systur, Hrönn f. 1970, Kristjönu f. 1972 og Ingu Rún f. 1987.

Snerting við sveitalífið

„Fyrstu ár ævi minnar bjó ég í Fnjóskadal, held að það hafi hentað mér einstaklega vel því ég er mikið náttúrubarn, það eru mikil forréttindi að fá að alast upp í sveit.

Við flytjum síðan í Mosfellssveit og hér vorum við með hesta og hund svo maður var með smá snertingu við sveitalífið hér líka. Við bjuggum í Teigahverfinu þangað til ég varð 11 ára og það var mikið af krökkum í hverfinu, hefðin var að vera í útileikjum á kvöldin.

Ég á einnig góðar minningar frá ferðinni okkar um Evrópu en þá vorum við fjölskyldan á flakki í heilan mánuð.“

Þetta er ótrúlegt en satt

„Ég gekk í Varmárskóla og Gaggó Mos og skólagangan var frábær í alla staði. Ég var í sama bekk öll árin mín í Varmárskóla en síðan var bekknum stokkað upp. Ótrúlegt en satt þá var mamma mín umsjónarkennarinn minn öll árin í barnaskóla.

Þegar ég kom upp í Gaggó Mos þá tók pabbi við sem umsjónarkennari, fyrsta árið. Það er merkilegt að foreldrar mínir hafi komist heilir í gegnum þetta því ég var virkur krakki sem átti það til að masa mikið og hátt,“ segir Guðrún og brosir. „Ég eyddi miklum tíma í félagsmiðstöðinni Bólinu og ég hafði einnig gaman af leiklist og tók þátt í sýningum með Leikfélagi Mosfellssveitar.

Á sumrin vann ég í unglingavinnunni, var flokksstjóri í Vinnuskólanum og svo ferðaðist ég mikið, bæði með fjölskyldu og lúðrasveitinni. Ég vil meina að ég hafi verið að „túra með Lúðró“ því það hljómar svo töff. Ég vann einnig við ræstingar auk þess að vinna í síld en ekki misskilja mig, ég upplifði aldrei verbúðarlíf, því ég vann í Kópavogi.“

Hún græddi heldur betur á því

„Eftir útskrift úr gaggó þá fór ég í eitt ár á íþróttabraut í Árósum í Danmörku. Það var alveg einstakt, bæði þroskandi og skemmtilegt. Danski hópurinn varð mjög náinn enda fórum við í mörg ferðalög, ég mæli með þessu fyrir alla.

Ég byrjaði í Fjölbautaskólanum í Breiðholti eftir að ég kom heim en varð svo ófrísk



Fjölskyldan í Lissabon: Arna Kristín, Helga Sóley, Einar Máni, Guðrún og Jóhann.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is



þannig að ég kláraði námið í kvöldskóla. Ég starfaði svo á Hjallastefnuleiksskóla í Hafnarfirði í fjögur ár sem kveikti

áhuga minn á að vinna með börnum. Árið 1999 tók ég skyndiákvörðun og skellti mér í innþökupróf á hrossaræktarbraut í Bændaskólanum á Hólum og komst inn. Þá flutti ég ásamt Örnú dóttur minni í Skagafjörðinn og það hentaði mér vel. Ég var sú eina á hestabrautinni með barn og Arna græddi heldur betur á því, allir dekrudu við hana.

Í lok starfnáms árið 2000 lenti ég í slysi við tannningar og axlarbrotnaði. Þar sem ég var ekki vinnufær í tannningum þá leitaði ég að öðru starfi og fór að vinna í Bólinu. Þetta var haustið 2000 en ég varð svo aðstoðarforstöðumaður 2001. Ég starfaði í Bólinu í 4 ár á meðan ég var í diplómanámi í tómstunda- og félagsmálafræði en á þessum árum var ekki farið að kenna fullt nám á Íslandi. Á haustönn 2004 fór ég í skiptinám til Kaupmannahafnar, eða um leið og námið var komið á BA stig á Íslandi.

Ég starfaði svo sem umsjónarkennari í Lágafellsskóla í tvö ár í 1995 árganginum, flottir krakkar.“

Fátt sem toppar góðar útilegur

Eiginmaður Guðrúnar er Jóhann Benediktsson staf-rænn markaðsstjóri hjá Icelandair. Saman eiga þau tvö börn Einar Mána f. 2006 og Helgu Sóleyju f.

2008 en fyrir átti Guðrún Örnú Kristínu f. 1994. Heimilishundurinn Esja er að sögn Guðrúnar Ameríkani með áfallastreituröskun og geltir með hreim.

„Við fjölskyldan höfum ferðast mikið og gerum enn og svo er fátt sem toppar útilegur með fjölskyldu og vinum. Við förum árlega í þær og þar á meðal á hina alfrægu Leynihátíð sem er auðvitað alltaf einstök.

Heiti potturinn er í miklu uppáhaldi, að dansa við góða tónlist og hestaferðir veita ofurorku, bæði krafturinn sem reiðmennskan gefur auk gleðinnar sem góðir vinir gefa.“

» **Það er merkilegt að foreldrar mínir hafi komist heilir í gegnum þetta því ég var virkur krakki sem átti það til að masa mikið og hátt.**

Fluttu utan

„Árið 2008 fluttum við fjölskyldan til Danmerkur, ég byrjaði í fæðingarorlofi en fór svo í nám í mannauðsstjórnun í CBS viðskiptaháskóla Kaupmannahafnar. Með náminu starfaði ég sem þjónn í klúbbi æðstu manna í sjóher Danmerkur. Síðar hóf ég störf sem deildarstjóri á leiksskóla.

Árið 2015 fluttum við fjölskyldan til Boston og bjuggum þar í tvö ár. Ég var ekki með atvinnuleyfi svo ég kom inn í landið sem maki. Þá var ég bara „all-in“ húsmóðir, hjálpaði til við heimalærdóm, fór í ræktina og hitti nágrannanna í kokteil á veröndinni.“

Sami kjarninn til fjölda ára

„Ég hóf kennslu aftur í Lágafellsskóla eftir að við fluttum heim en fór svo aftur

HIN HLIÐIN

Hvað keyptir þú síðast fyrir heimilið?
Ryksuguróbót, mögulega bestu kaup aldarinnar. Hann heitir Rocco og gerir lífið einfaldlega betra.

Hvaða hlutur er þér kærastur?
Rauður tekkstóll með skammli sem fylgdi sumarhúsinu okkar í Danmörku. Anægð með að hafa dröslað honum heim.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Erftt að svara þessu því ég hef skipt svo oft um skoðun. Ég ætlaði að verða dýralæknir, íþróttakennari, hjúkrunarkona og leikari en endaði í skemmtilegasta starfinu.

Draumaborgin? Kaupmannahöfn á hjarta mitt því ég bjó þar svo lengi. Alltaf eins og ég sé komin heim þegar ég kem þangað.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Að vera í góðum félagsskap með fjölskyldu eða vinum, fátt betra en spjall og hlátur. Svo er algjört orkubúst að fara á hestbak og að dansa.

Óvenjulegasta lífsreynslan? Þegar ég var 6 ára og fékk botnlangakast, þá bjuggum við í Fnjóskadal. Ég þurfti að komast á sjúkrahúsið og það var ófært. Bóndi í sveitinni sem átti snjóbil keyrði mig, man enn eftir þessari ferð.



SYSTURNAR SAMAN



5 ÁRA Í HEYSKAP



HJÓNIN Í AFMÆLI

í félagsmiðstöðina Bólið, starfaði í eitt ár sem verkefnisstjóri en tók svo við sem forstöðumaður. Hér er ég enn í dag enda er þetta skemmtilegasta starf í heimi,“ segir Guðrún og brosir.

„Starfsemi okkar er á þremur stöðum og unglingarnir eru frábærir, hugmyndaríkir og kurteisir. Það þarf að passa upp á jákvæða liðsheild og virðingu en auðvitað passa ekki allir undir sama hatt. Þá er spurning að finna leið þannig að þeir finni sig og nái að vera besta útgáfan af sjálfum sér.

Það er nefnilega oft gallinn við okkar kerfi að allir eigi að passa í sama formið. Það er fátt betra en að hjálpa einstaklingi að finna sína hillu í lífinu og að hann upplifi að hann tilheyrir einhvers staðar. Það tekur oft tíma að finna hina fullkomnu lausn fyrir ákveðinn einstakling eða hóp en þegar það heppnast þá er það hverrar mínútu virði.

Ég er með frábæran hóp starfsmanna í Bólinu, sami kjarninn til fjölda ára. Þau eiga það sameiginlegt að vera lífsglöð, sýna samkennd, leggja mikið í sína vinnu og vera til staðar fyrir unglingana. Það eru bestu eiginleikar sem starfsmenn geta haft að mínu mati og ég er svo þakklát fyrir þau,“ segir Guðrún að lokum er við kveðjumst.



Lífið er **núna**

Kauptu húfu og sýndu **kraft í verki** til stuðnings ungu fólki með krabbamein og aðstandendum

lifidernuna.is



Fimleikarnir fá starfskraft frá Svíþjóð

Fimleikadeild Aftureldingar hefur fengið glæsilega viðbót í flott þjálfarateymi en það er hún Rebecka Sofie Ledin. Rebecka er 29 ára kennari að mennt, útskrifaðist úr Högskolan i Gävle í Svíþjóð. Hún hefur verið upptekin af fimleikum alla sína ævi en byrjaði að þjálfa 12 ára gömul. Rebecka kemur frá klúbbi í Stokkhólmum en þar þjálfaði hún yngri flokka upp í unglingsflokka á aldrinum 13-14 ára. Flokkarnir hennar voru meðal efstu unglingsliða í fimleikum í Svíþjóð. Hún sjálf segir að það sem heillar hana mest við fimleikana og hvetur hana áfram er ást hennar á hreyfingunni og að sjá gleðina hjá íþróttamönnum þegar þeir ná árangri eða standast erfiðar persónulegar áskoranir. Rebecka verður verkefnastjóri í 1. og 2. bekk og leikskólahópum á virkum dögum en ásamt því er hún að kenna drengjum í félaginu listræna hlið fimleikanna. Næsta vetur kemur hún svo inn í frekari verkefni hjá deildinni.



Skarphéðinn og Erna Sóley best • Hanna Símonardóttir sjálfboðaliði ársins

Íþróttafólk Mosfellsbæjar heiðrað við hátíðlega athöfn

Íþróttafólk Mosfellsbæjar 2024 var heiðrað í Hlégarði þann 9. janúar.

Frjálsíþróttakonan Erna Sóley Gunnarsdóttir er íþróttakona Mosfellsbæjar og júddókkappinn Skarphéðinn Hjaltason er íþróttakarli bæjarins árið 2024.

Við sama tilefni var karlalið Aftureldingar í knattspyrnu valið afrekslið Mosfellsbæjar, Magnús Már Einarsson þjálfari liðsins valinn þjálfari ársins og móðir hans Hanna Símonardóttir valin sjálfboðaliði ársins.

Erna Sóley Gunnarsdóttir kúluvarpari

Árið 2024 varð Erna Sóley fyrsta íslenska konan til að keppa í kúluvarpi á Ólympíuleikum, þegar hún tók þátt í leikunum í París. Þar kastaði hún lengst 17,39 metra og endaði í 20. sæti af 31 keppanda.

Erna Sóley setti Íslandsmet í kúluvarpi kvenna sumarið 2024 þegar hún kastaði 17,91 metra. Erna á einnig Íslandsmetið í kúluvarpi innanhúss. Það setti hún þegar hún kastaði 17,92 metra í febrúar 2023.

Erna var í desember valin frjálsíþróttakona ársins 2024 af Frjálsíþróttasambandi Íslands.

Erna hefur lýst yfir metnaði sínum til að vera meðal þeirra bestu í heiminum og stefnir á að keppa á Ólympíuleikum í Los Angeles árið 2028.

Skarphéðinn Hjaltason júddómaður

Skarphéðinn hóf að æfa júddó hjá Júddófélagi Reykjavíkur ellefu ára gamall og er nú, níu árum síðar, orðinn einn besti og öflugasti júddómaður landsins. Hann náði mjög góðum árangri á árinu, varð Íslandsmeistari bæði í -90 kg flokki karla og öpunum flokki karla.

Skarphéðinn fékk silfurverðlaun á Norðurlandameistaramótinu í Svíþjóð, bæði í karlaflokki og í U-21 árs flokki



AFREKSLIÐ MOSFELLSBÆJAR 2024

karla, og á alþjóðlegu móti í Danmörku, Copenhagen Open, vann hann einnig til silfurverðlauna.

Skarphéðinn var valinn júddómaður ársins 2024 af Júddófélagi Reykjavíkur. Hann er þekktur fyrir mikla vinnusemi og metnað, sem hefur skilað sér í stöðugum framförum.

Magnús Már þjálfari ársins

Magnús tók við sem aðalþjálfari meistaraflakks karla í knattspyrnu í nóvember 2019, eftir að hafa verið aðstoðarþjálfari tvö ár þar á undan.

Undir hans stjórn hefur Afturelding bætt sig ár frá ári og náði í september síðastliðnum sögulegum árangri þegar liðið tryggði sér í fyrsta sinn í sögu félagsins sæti í efstu deild Íslandsmótsins í knattspyrnu karla

Afrekslið Mosfellsbæjar

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu hjá Aftureldingu. Liðið braut blað í sögu félagsins með því að tryggja sér sæti í efstu deild Íslandsmótsins í knattspyrnu karla í fyrsta

skipti í sögu þess.

Afturelding sigraði Keflavík í úrslitaleik umspilsins í september og tryggði sér þar með sæti í Bestu deildinni fyrir árið 2025.

Árangur liðsins hefur haft jákvæð áhrif á íþróttalíf Mosfellsbæjar og hefur hvatt bæði ungt fólk og aðra íbúa bæjarins til að taka þátt í íþróttum og styðja við knattspyrnuliðið.

Hanna Símonardóttir sjálfboðaliði ársins

Hanna er mjög mikilvægur hlekkur í því frábæra starfi sem unnið er innan knattspyrnudeildarinnar. Deildin og félagið allt á henni mikili að þakka en hún hefur verið ótull sjálfboðaliði innan Ungmennafélagsins Aftureldingar í næstum þrjá áratugi.

Hanna hefur af mikilli þrautseigju stjórnað Liverpool-skólanum sem haldinn er á sumrin þar sem fleiri en 400 krakkar af landinu öllu koma og æfa undir handleiðslu þjálfara frá Liverpool.

Hanna á stóran þátt í sögulegum árangri meistaraflakks karla í sumar með frumkvæði sínu og eljusemi.



Tveir mánuðir í Bestu deildina

Undirbúningur er á fullu fyrir fyrsta tímabil Aftureldingar í Bestu deild karla. Tveir mánuðir eru í að mótið hefjist þegar Afturelding heimsækir Íslandsmeistara Breiðabliks í fyrstu umferð deildarinnar laugardaginn 5. apríl. Í janúar spilaði Afturelding við Breiðablik og ÍA í æfingamótinu Þungavígarbikarnum og varð niðurstaðan 4-3 í báðum leikjum eftir mikla spennu. Á laugardaginn hefst Lengjubikarinn en Afturelding mætir Þór í fyrsta leik þar. Leikurinn fer fram á Malbikstöðinni að Varmá klukkan 15:00 á laugardag.

Vinningar í happdrætti þorrablótsins

Dregið hefur verið úr happdrætti þorrablóts Aftureldingar sem fram fór í íþróttahúsinu 25. janúar. Hægt er að nálgast vinninga á skrifstofu Aftureldingar á milli 13-16 alla virka daga, gegn framvísun vinningsnúmera. Vinningaskrána má finna á www.afturelding.is. Nánari upplýsingar fást í gegnum netfangið hannabjork@afturelding.is.



Sjö gull hjá Kraft Mos

Kraftlyftingafélags Mosfellsbæjar náði frábærum árangri á Íslandsmótinu í bekkpressu.

Félagar í KraftMos skiluðu sjö gullum í Mosó.

Benóný Benónýsson varð stigahæstur í klassískri bekkpressu eftir harða keppni við Heiðar Jónsson. Þá var sonur hans einnig bestur í junior flokki.

Helgi Kristberg og Guðmundur Kristberg sigruðu í sub-junior og Guðrún Ásgeirsdóttir krækti í silfur.



Bikarmót í taekwondo

Helgina 1.-2. febrúar fór fram bikarmót í taekwondo en mótið var haldið í Hafnarfirði. Keppt var bæði í Poomsae (formum) og Sparring (bardaga). 16 keppendur frá Aftureldingu tóku þátt. Þeim gekk mjög vel og unnu ellefu gull, þrjú silfur og tvö brons.

Þarna Rán Stefánsdóttir var valin kona mótsins í poomsae.

Frábær árangur og verður gaman að fylgjast með öllum þessu efnilegu keppendum í framtíðinni.

**AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR**



JAKO
SPORT ÍSLANDI

Kolbeinn flóki, 12 ára sundkappi, fékk fund með bæjarstjóra • Fimm nýir keppnisvallar • Kærkomið fyrir sunddeildina

Nýir stungupallar í Lágafellslaug



KOLBEINN FLÓKI

Sundkappinn Kolbeinn Flóki Gunnarsson var drifkrafturinn í því að nýir löglegir keppnisstungupallar eru nú komir í Lágafellslaug.

„Pallarnir sem voru í Lágafellslaug voru ekkert sérstaklega góðir svo einn daginn hugsaði ég með mér að panta tíma með bæjarstjóranum og leggja undir hana hvort hægt væri að fá nýja betri palla í laugina,“ segir Kolbeinn Flóki sem er 12 ára og hefur æft sund í fimm ár með sunddeild Aftureldingar.

Getum æft stungur almennilega

„Núna eru komnir fimm nýir stungupallar sem eru alveg frábærir. Helsti munurinn á pöllunum sem voru og þeim nýju er að gömlu pallarnir höllu ekki og höfðu heldur ekki sandpappírsgríp.“

Nýju pallarnir eru keppnisvallar og þetta munar miklu fyrir okkur að geta æft stungur almennilega,“ segir Kolbeinn og bætir við að allir í sunddeildinni séu mjög glaðir með breytinguna.



STUNGID SÉR TIL SUNDS



HLUTI AF HÓPNUM FYLGIST MEÐ EINLÍÐALEIK KVENNA

Badmintondeild Aftureldingar fylgist með toppspilurum

Ævintýraferð á Iceland International

Badmintondeildin fór í frábæra ævintýraferð á Iceland International, stærsta badmintonmót Íslands, þar sem yfir 200 keppendur frá 35 löndum tóku þátt.

Stór og myndarlegur hópur, 45 leikmenn ásamt þjálfurum og nokkrum foreldrum, tók þátt í ferðinni. Ferðin hófst á strætóferð frá Lágafellslaug niður í TBR í hressandi úr-hellisrigningu, en krakkarnir létu það ekki skemma stemninguna.

Krökkunum fannst sérstaklega gaman

að fylgjast með toppspilurum í keppni. Það voru miklar pælingar í stúkunni frá hvaða landi keppendur væru, hvernig spaða þau notuðu en líka rýnt í tækni, styrkleika og leikskipulag.

Þessi ferð gaf krökkunum innblástur og aukinn áhuga á íþróttinni.

Ferðinni lauk með dýrindis pizzu og góðum glaðning og fóru allir heim með bros á vör. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og voru féluginu til mikils sóma.



Styrkir Mosfellsbæjar



Styrkir til efnilegra ungmenna sumarið 2025

Íþrótt- og tómstundanevnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar styrkja til efnilegra ungmenna sem leggja stund á íþróttir, tómstundir eða listir yfir sumartímann.

Ungmennir á aldrinum 16–20 ára, (f. 2005, 2006, 2007 og 2008) með lögheimili í Mosfellsbæ, sem skara fram úr og/eða hafa sýnt sérstaka hæfileika á sínu sviði geta sótt um styrkinn.

Skilafrestur umsókna er til og með 20. febrúar 2025.

Sótt er um styrkinn á Mínum síðum Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær

Þverholti 2

525-6700

www.mos.is



Mosfellingurinn Steinþór Hróar Steinþórsson, Steindi Jr., tekur þátt í Alheimsdraumnum með Audda, Sveppa og Pétri

Steindi Jr. líklega að flytja úr Mosfellsbæ í draumahúsið

Mosfellingur settist niður með Steinda, ástsælasta sjónvarpsmanni Mosfellinga, í tilefni þess að Alheimsdraumurinn er að byrja á Stöð 2 í lok febrúar.

Hvernig var stemningin í hópnum við tökurnar á Alheimsdraumnum?

Það er eiginlega ómögulegt að lýsa þessu öðruvísi en eins og við séum fjögur óþekkt börn í skólaferðalagi. Það er endalaust grín, uppátæki og hlátur.

En við tökum þetta verkefni líka alvarlega, því við viljum að áhorfendur fái eitthvað nýtt og óvænt í hverjum þætti. Ég get eiginlega ekki talað meira um þættina þar sem það er mikil leynd yfir þeim en ég get lofað ykkur því að þessi sería er ein sú besta, ef ekki sú besta.

Er það rétt sem maður heyrir, er fjölskyldan að flytja úr Mosfellsbæ?

Ha, hvernig fréttuð þið það? Gaman að því, greinilega ekkert hægt að treysta Svanþóri fasteignasala. Það er ekkert harðákveðið en mjög líklegt.

Við Sigrún höfum verið að líta í kringum okkur, við viljum stækka enn meira við okkur og því miður finnst það hús ekki í Mosfellsbæ. Mosfellingar verða að standa sig betur í að byggja falleg hús.

Við erum búin að finna draumahúsið í Akrahverfinu í Garðabæ. Við gerðum rausnarlegt tilboð í gær og það kemur í ljós í dag hvort tilboðinu verði tekið.

Hvað er mest spennandi verkefnið sem þú hefur tekið að þér síðastliðið ár?

Fyrir utan Alheimsdrauminn, sem var geggjað verkefni, þá get ég ekki annað en nefnt eitt verkefni. Ég má ekki segja of mikið en snemma á síðasta ári lék ég eitt aðalhlutverkið í nýrri mynd Baltasars, 2Guns2, sem er væntanleg í kvikmyndahús seinna á þessu ári. Mark Wahlberg verður ekki í framhaldsmyndinni en Denzel Washington er í henni.

Ég var því mikið að umgangast hann á síðasta ári og náði að kynna honum vel. Það sem kom mér svakalega mikið á óvart er að hann er mjög fínn gaur en ég hafði heyrt að hann væri oft erfiður á setti.

Innskot blaðamanns „Hvaða hlutverk leikur þú í myndinni?“ Ég get því miður ekki gefið það upp, en get sagt að það sé nokkuð stórt hlutverk.

Hvor er myndnari, þú eða Dóri DNA?

Haha, hvers konar spurning er þetta, klárlega ég. Það má eiginlega segja að það sé mér að þakka að hann er á þessum stað í dag í skemmtanabransanum.

» **Mér finnst leiðinlegt að strákarnir í FM95BLÖ séu að gera svona mikið úr því, og hér með er það leiðrétt.**

Þegar ég var að byrja að snáðast í þessum bransa þá dró ég hann alltaf með mér. Ef ég hefði ekki gert það væri hann ábyggilega lagergómur í dag.

Að lokum vil ég minnst eitt, fyrst að ég hef tækifæri hér. Þegar ég og Sigrún erum að snáðast á mánudagskvöldum, en þá setjum við krakkana snemma í rúmið, þá eru við ekkert bara á hlið, þú veist, það er fullt af öðru sem við erum að gera tilraunir með.

Mér finnst leiðinlegt að strákarnir í FMBLÖ séu að gera svona mikið úr því, og hér með er það leiðrétt.

Steindi þurfti að rjúka, var orðin of seinn, en lofaði að setjast aftur niður með Mosfellingi sem fyrst til að ræða önnur verkefni sem hann er með í vinnslu.



ATLAVÍK



ALHEIMS DRAUMURINN

Tilkynning til fasteignaeigenda



Álagning fasteignagjalda 2025

Álagningarseðlar fasteignagjalda eru birtir rafrænt á island.is og á Mínum síðum Mosfellsbæjar.

Fasteignagjöld skiptast á tíu gjalldaga frá 1. febrúar til 1. nóvember. Eindagi er þrjátíu dögum eftir gjalldaga og fellur allur skattur ársins í gjalldaga við vanskil. Sé heildar fjárhæð fasteignagjalda fyrir árið 2025 undir kr. 40.000 er einn gjalldagi þann 1. febrúar.


Fasteignagjöld má greiða í banka, netbanka eða með boðgreiðslum á greiðslukort.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er reiknaður sjálfkrafa í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Ríkisskattstjóra. Það þarf því ekki að sækja um afsláttinn sérstaklega.

Allar nánari upplýsingar á mos.is/fasteignagjold

Mosfellsbær

www.mos.is



Fisk ~ búðin Mos

Háholti 13-15 • Sími 578 6699

LÁGAFELLSSÖKN

Konudagsmessa

Sunnudaginn 23. febrúar
kl. 20:00 konudagsmessa í
Lágafellskirkju.
Kvennakórinn Stöllumar syngja undir
stjórn Heiðu Árnadóttur.
Prestur er sr. Henning Emil Magnússon.

Verið öll hjartanlega velkomin í
kirkjuna!

Sunnudagaskóli kl. 13:00

Skipulagsmál



Deiliskipulags- mál í kynningu


- Fossatunga 28 og 33 (einbýlishúsalóðir)
- Lynghólsvegur 21 (frístundahús)
- Fellshlíð í Helgafelli (skipulagslýsing húss og lóðar)

Hægt er að kynna sér málin á mos.is og rita umsagnir á skipulagsgatt.is

Mosfellsbær

www.mos.is

BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI





Flokkum saman



Grenndargámar eru staðsettir á þremur stöðum í Mosfellsbæ:

Bogatangi

- plastumbúðir
- pappír/pappi
- málmar
- gler
- textíll
- skilagjaldsskyldar umbúðir

Dælustöðvarvegur

- plastumbúðir
- pappír/pappi
- textíll
- skilagjaldsskyldar umbúðir

Vogatunga

- plastumbúðir
- pappír/pappi
- málmar
- gler
- textíll
- skilagjaldsskyldar umbúðir

Vinsamlega athugið að rafhlöðum, raftækjum og spilliefnum skal skilað á næstu endurvinnslustöð.

Nánari upplýsingar um sorphirðu:
mos.is/sorphirða

Lífshlaupið í febrúar - Sameinumst í hreyfingu og hvatningu!

Það er alltaf líf og fjör í Mosfellsbænum.

Við Halla Karen og Berta, þjálfarar 60 ára og eldri hérna í bænum, höfum hvatt okkar frábæru hópa til þátttöku í Lífshlaupinu 2025. Það hófst 5. febrúar og stendur yfir í þrjár vikur.

Okkar markmið eru skýr, að hreyfa okkur saman, hvetja hvert annað áfram og sýna fram á að aldur er engin fyrirstaða þegar kemur að heilsuefningu.

Við erum ótrúlega stoltar af okkar öflugum þátttakendum. En nú hafa þegar yfir 100 einstaklingar skráð sig til leiks í Lífshlaupinu! Þetta er ekki bara meðþátttaka heldur líka mikilvæg áminning um hvað hreyfing skiptir miklu máli fyrir líkamlega, andlega sem og félagslega heilsu.

Til að gera þetta enn skemmtilegra höfum við skipulagt innanbæjarkeppni á milli hópanna okkar í Varmá og World Class. Þessi keppni er ekki bara til að bæta stigatöfluna heldur til að skapa aukna samheldni, gleði og jákvæða hvatningu.

Hvatning til bæjarbúa

Við viljum nýta tækifærið og hvetja ykkur öll sem þekkið þessa frábæru þátttakendur, hvort sem það eru vinir, fjölskyldumeðlimir eða nágrannar, að hvetja þau áfram. Sendið þeim jákvæða orku, bjóðið þeim í göngutúr, eða jafnvel skráið ykkur sjálf í Lífshlaupið og verið með!



HREYFING ER ALLRA MEINA BÓT

Lífshlaupið er frábært tækifæri til að bæta hreyfingu inn í daglega rútinu, kynnst nýju fólki og finna kraftinn sem felst í því að hreyfa sig saman.

Við vonumst til að sjá sem flesta á hreyfingu í bænum á næstu vikum! Hvort sem það er í göngutúr, á hlaupum, í leikjum eða í ræktinni. Tökum þátt saman, styðj-

um hvert annað og höldum áfram að búa í heilsueflandi samfélagi.

Með hreyfíkveðju, Halla Karen & Berta, þjálfarar

Kjötbúðin Sunnukrika 3


TILBOÐ

DAGANA 6.-10. FEBRÚAR

— Trippafile í black garlic
— Ungnautahakk

20% afsláttur

Ungnauta ribeye —
Bernaisesósa —



KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is



Vetrarfrí í Mosfellsbæ



Mánudagur 24. febrúar

Bókasafn

13:00-15:00 Klippimyndasmiðja.
Smiðjustjóri: Vilborg Bjarkardóttir,
myndlistarkona.
Smiðjan er ókeypis og skráning ókeypis.

Lágafellslaug

10:00-14:00 Wipeout braut í innilaug.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar

13:30-14:30 Golfkennarar taka vel á móti börnum í vetrarfríinu. Kylfur til láns.

Hestamannafélagið Hörður

10:00-12:00 Hestamennt og Hestasníll: teymt undir börnum, klapp og kynning.

Þriðjudagur 25. febrúar

Bókasafn

13:00-15:00 Kórónusmiðja. Allur efniviður til kórónugerðar er til staðar.
Smiðjan er ókeypis og skráning ókeypis.

Lágafellslaug

10:00-14:00 Wipeout braut í innilaug.

Félagsmiðstöðin Ból

13:00-15:00 Salur í Íþróttamiðstöðinni að Varmá fyrir 5.-7. bekk.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar

13:30-14:30 Golfkennarar taka vel á móti börnum í vetrarfríinu. Kylfur til láns.

Allar nánari upplýsingar má finna á mos.is/vetrarfrí

FÓTAADGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



B. Markan ehf.
Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is

FJALS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



REYNISLA - ÁRÆÐNI - VANDVIRKNI -
KRAFTUR - ÞOR - ENDING.

örugg og vönduð vinnubrögð



SteinTeppi.is

Gólfefna lausnir
fyrir heimili
og fyrirtæki

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurbjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Blikastaðaland 1. áfangi

Nú hefur tillaga á vinnslustigi á deiliskipulagi 1. áfanga Blikastaðalands verið lögð fram til kynningar og hægt er að gera athugasemdir við hana til 10. febrúar nk.

Áætlað er að uppbygging á Blikastaðalandi, hverfinu milli fells og fjöru, muni taka 20-25 ár í þremur til fimm áföngum. Áhersla er lögð á að tengja og aðlaga byggðina að hverfinu og aðliggjandi náttúru í góðu samráði við íbúa.

Hér er um nýtt hverfi að ræða sem er mikilvægur þáttur í húsnæðisuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og tekur það tillit til samfélagsgerðar og þarfa íbúa til framtíðar. Áhersla er lögð á áberandi græn svæði og samspil og aðgengi að þeirri náttúru sem landið hefur upp á að bjóða.

Kostir svæðisins

Umræðan um uppbyggingu á landinu er áratugagömul. Vinna við skipulagið sjálft hefur verið í gangi um langa hríð og tekur meðal annars mið af samkomulagi og samstarfi Mosfellsbæjar í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og þátttöku í samgöngusáttmálanum.

Mikil og fagleg vinna er lögð í gerð skipulagsins þar sem áhersla er lögð á að íbúar hafi góðan aðgang að aðliggjandi náttúru og útivistarsvæðum og fjölbreytta möguleika til útivistar.

Íbúðagerðir

Í 1. áfanga svæðisins mun byggjast upp fjölbreytt byggð með mismunandi tegundum íbúða, sem henta fjölbreyttum hópi fólks, bæði einstaklingum og fjölskyldum. Fjölbýli verða í meirihluta í þessum fyrsta áfanga hverfisins en þar er átt við blöndu af 2-4 hæða húsum, smærri fjölbýlum og svo sérþýlum. Mesti þéttleiki hverfisins verður í þessum fyrsta áfanga svæðisins svo að hægt sé að byggja upp nauðsynlega innviði samhliða.

Hverfið verður „BREEAM“ vottað þar sem leitast er við að hlúa að samfélaginu með samfélagslegri ábyrgð, sjálfbærni og kolefnishlutleysi. Mikil áhersla er lögð á hönnun og legu lóða og húsa með tilliti til birtu og legu í landinu.

Byggðin í 1. áfanga hverfisins byggist upp í kringum gamla Blikastaðabæinn sem verður endurgerður. Þar verður miðbær hverfisins með verslun og þjónustu sem skapar svo einnig mannlíf og menningu. Í þessum áfanga verður einnig reistur skóli og leikskóli.

Tillögurnar um staðsetningu skólans falla afar



vel að umhverfinu, þar sem þær taka mið af náttúrunni í kring. Skólaöldin mun snúa í suður þar sem hluti hennar eru opin græn svæði.

Samgöngur og umferð

Hluti af samkomulagi við landeigendur er að góðar almenningssamgöngur liggja í gegnum Blikastaðaland í miðbæ Mosfellsbæjar og þaðan til Reykjavíkur. Almennings-samgöngur sem ættu að nýtast öllum Mosfellingum vel.

Fjölbreyttar samgöngur og blönduð byggð á svæðinu eru m.a. til þess fallnar að

takmarka þörf á bílaumferð innan hverfisins þar sem þjónusta og atvinnustarfsemi verður í göngufæri.

Fulltrúar D-lista í bæjarstjórn telja þó að bílastæði á svæðinu séu of fá samkvæmt fyrirliggjandi vinnslutillögu og leggja áherslu á að þeim verði fjölgað. Auk þess munum við leggja áherslu á að samið verði um tengingu úr hverfinu suður að Korpúlfsstaðavegi, samhliða uppbyggingu þessa fyrsta áfanga, til að tryggja gott umferðarflæði til og frá hverfinu.

Langtíma verkefni

Uppbygging á Blikastaðalandinu er langtíma-verkefni. Um er að ræða nýtt hverfi sem er að mörgu leyti ólíkt öðrum hverfum Mosfellsbæjar - hverfi sem tekur mið af breyttum samfélagslegum þörfum og kröfum næstu kynslóða.

Þegar horft er til uppbyggingarinnar er einmitt mikilvægt að átta sig á að hún mun eiga sér stað á næstu 20-25 árum og því nauðsynlegt að hún taki mið af þörfum þess fólks sem hér vill búa í framtíðinni. Við uppbyggingu á þessu stóra verkefni sem mun ná yfir langan tíma er mikilvægt að upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir séu réttar og byggðar á staðreyndum. Lögð hefur verið áhersla á af hálfu stjórnarsýslunnar hjá Mosfellsbæ að veita góðar upplýsingar um skipulagið og uppbygginguna til íbúa bæjarins, upplýsingar um þéttleika byggðar, húsagerðir, áfangaskiptingar og ekki síst um umferðarmál.

Við hvetjum bæjarbúa að kynna sér deiliskipulagstillöguna á mos.is, blikastadalnd.is og í Skipulagsgátt, mál nr. 1010/2023.

Ásgeir Sveinsson
Jana Katrín Knútsdóttir
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Helga Jóhannesdóttir
Bæjarfulltrúar D-lista

Reykjalundur í 80 ár

Um þessar mundir fagnar Reykjalundur 80 ára afmæli en það var árið 1945 sem fyrsti sjúklingurinn var formlega innritaður á Reykjalund.

Frá þessum atburði hefur sannarlega mikið vatn runnið til sjávar en saga Reykjalundar er auðvitað samofin sögu endurhæfingar í landinu, Mosfellsbæjar og merkilegri sögu SÍBS, eiganda Reykjalundar.

Reykjalundur hefur lengi verið einn stærsti vinnustaðurinn hér í Mosfellsbæ. Reykjalundur er í dag stærsta endurhæfingarstofnun landsins og þjónar öllu landinu. Þar fer fram alhliða endurhæfing sem miðar að bættum lífsgæðum, aukinni færni og sjálfsbjargargetu þeirra sem þangað leita.

Endurhæfing Reykjalundar er byggð upp samkvæmt alþjóðlegum, klínískum leiðbeiningum. Meðferðin einkennist af þverfaglegri samvinnu fagfólks sem myndar átta sérhæfð teymi, sem starfrækt eru á dagvinnutíma að mestu. Auk þess er þverfagleg legudeild, Miðgarður, opin allan sólarhringinn. Einnig er fjöldi gistirýma í boði fyrir sjúklinga sem þess þurfa vegna aðstæðna sinna.

Markmið endurhæfingar er að endurheimta fyrri getu eða bæta heilsu. Um 110-130 sjúklingar sækja þjónustuna á degi hverjum. Á hverju ári fara um það bil 1.300 manns í gegnum endur-



hæfingarmeðferð á Reykjalundi, flestir í 4-6 vikur í senn. Auk þess kemur fjöldi sjúklinga í viðtöl á göngudeild á hverju ári.

Afmælissárið verður haldið hátíðlegt með ýmsum hætti. Meðal annars heldur Reykjalundur glæsilega afmælissáðstefnu um endurhæfingu þann 12. febrúar, sem stefnir í að verða fjölsótt.

Gaman er að segja frá því að í tilefni af afmælissárinu er verið að leggja lokahönd á ritun sögu Reykjalundar. Það er Pétur Bjarnason sem hefur haldið utan um söguritunina en honum til halds og trausts hefur verið ritnefnd skipuð þeim Bjarka Bjarnasyni, Birgi D. Sveinssyni og Jónínu Sigurgeirsdóttur auk undirritaðs og Ragnars Ólasonar ljósmyndara. Rósa María Guðmundsdóttir og margir fleiri hafa einnig komið að málum og er sjálfsagt að þakka öllum fyrir aðstoðina og þátttökuna. Bókin mun formlega koma út á haustdögum og verður þá kynnt sérstaklega.

Það er sannarlega ástæða til að óska öllum, sem komið hafa að 80 ára sögu Reykjalundar með einhverjum hætti, hjartanlega til hamingju með tímamótin.

Pétur Magnússon
forstjóri Reykjalundar

Blikastaðalandið

Frekar mikill hiti var í Mosfell-ingunum sem sóttu upplýsing-arfundinn um Blikastaðalandið í Hlégarði þann 13. janúar. Þarna er fyrirhugað að reisa byggð með um og yfir 3.000 íbúum.

Mosfellsbærinn hefur stækkað hratt og nýju hverfin sem hafa bæst við þykja mörgum ekki of aðlaðandi, sér í lagi Helgafellshverfið þar sem húsin standa mjög þétt. Byggð á Blika-stöðum stefnir í sama hátt og verður jafnvel þéttari.

Þegar ég flutti í Mosfellsbæinn fyrir 40 árum voru íbúar 3.000 talsins og það sást hvergi íbúðarblokk. Strætósamgöngur voru mjög lélegar og það var algengt að húkka sér far. Við hjónin voru þekkt í bænum fyrir að eiga ekki bíl, fórum ferða okkar gangandi eða hjólandi í öllum veðrum. En þá vorum við ung og spræk og í dúndurformi.

Ég var svo heppin að geta sótt vinnu hér í bænum, en fór reyndar allt að fjórum sinnum á íþróttæfingar til Reykjavíkur þrátt fyrir að Mosfellsleið gekk svona 5-6 sinnum á dag. Þetta krafðist mjög góðs skipulags og



oft komst ég ekki heim á kvöldin nema á puttanum.

Nú erum við hjónin komin á efri ár og bíllinn er orðinn þarfapung. Við veigum okkur að fara gangandi eða hjólandi þegar það er hálka eða mikill snjór. Auk þess erum við þakklát fyrir að þurfa ekki bera þungar vörur heim.

Nú leyfi ég mér að spyrja: Hver myndi vilja búa í Blikastaðalandi? Gamalt fólk? Fólk með ungbörn? Ég efast um þetta. Allt fyrirhugað skipulag lítur vel út á teikningunum. En flestum finnst einkabíllinn ómissandi. Auðvitað eigum við Íslendingar að læra að spara bílinn, skipuleggja ferðir okkar, verða meira samferða og nota fæturna, hjólið eða strætó þar sem það á við.

En að planta svona nýju og stóru bæjarhverfi þarna niður þar sem umferðavandinn úr og í Mosfellsbæinn er nú þegar mjög mikill er vanhugað. Og Borgarlínan ein og sér mun ekki leysa hann.

Úrsúla Júnemann

Samgöngumál

Nú er janúarmánuður liðinn og við finnum að daginn er tekinn að lengja. Í janúar var heilt yfir nokkuð rólegt við fundarborðið í Reykjafelli en þeim mun meira að ræða þar fyrir utan.

Tveir opnir fundir voru haldnir þar sem mikilvæg mál voru til umræðu, annars vegar kynningarfundur um skipulagslýsingu á 1. áfanga Blikastaðalands og hins vegar um Samgöngusáttmálann. Þegar maður fer yfir fundina og samtöl í kringum þá er eitt sem er oftast nefnt og það eru samgöngur. Samgöngur frá Blikastaðahverfinu og út á Vesturlandsveginn og samgöngur til og frá bænum okkar.

Samgöngumálin eru sameiginlegt verkefni

Samgöngumálin eru sameiginlegt verkefni okkar allra. Því skiptir máli að íbúar láti í sér heyra og sýni áhuga með því að mæta á fundi þar sem þessi mál eru til umræðu. Á fundinum um Samgöngusáttmálann hefði til dæmis verið gott að sjá fleiri íbúa. Umræðan var góð og snerist í raun minna um Samgöngusáttmálann sjálfan og meira um samgöngur, því það er það sem liggur á okkur. Til umræðu var ferðatíminn, tafir og hvernig framtíðin gæti lítið út.

Atvinnusvæði Mosfellinga

Meginþorri atvinnubærra Mosfellinga sækir vinnu og skóla í öðrum sveitarfélögum. Við sem erum í þeim hópi finnum áþreifanlega fyrir því hve umferðin hefur aukist. Það skiptir orðið máli hvort maður leggi af stað þremur til fimm mínútum fyrr eða seinna. Það sást vel sl. mánudagsmorgun þegar ökumaður á hraðferð keyrði á hægri öxl Vesturlandsveggar alla leið að Korputorgi.

Það er því fullkomlega eðlilegt að íbúar hafi áhyggjur af þessu þrjú þúsund manna



hverfi að Blikastöðum og öllum nýju íbúunum sem eiga eftir að bætast í hópinn við Baugshlíðina og fara út á Vesturlandsveginn. Því ekki mun fólk sækja vinnu innan þessa nýja hverfis, í einhverjum mæli.

Hvað getum við gert?

Ég held að við, kjörnir fulltrúar, höfum öll heyrð áhyggjuraddirnar og hlustum á þær. Ef það er eitthvað sem skiptir máli hjá okkur kjörnu fulltrúunum þá er það að standa vörð um hagsmuni Mosfellinga og tala fyrir mikilvægi þess að samgönguuppbygging eigi sér stað samhliða annarri uppbyggingu.

Okkar hlutverk er líka að gera allt sem við getum til að auðvelda samgöngur og koma með hugmyndir. Við getum lagt grunninn að breyttu hugarfari í garð almenningsgangna eins og við í Vinum Mosfellsbæjar höfum gert, því miður við lítinn hljómgrunn. Það er hægt að óska eftir því við Strætó að leið 15 verði gerð að borgarlínuleið og innanbæjarstrætóar gangi um bæinn. Það kostar ekkert að skrifa bréf og óska eftir því að þetta sé skoðað. Það tekur að lágmarki 1½-2 ár að fá slíka breytingu í gegn.

Um það fjallaði tillaga sem við lögðum fram við gerð fjárhagsáætlunar og var hún felld. Við þurfum líka að vera nokkuð samhljóma í okkar málflutningi, það styrkir málstað sveitarfélagsins. Við getum einnig talað fyrir mikilvægi Sundabrautar og lagt ríka áherslu á það við okkar þingmenn að þeir tali máli okkar.

En fyrst og síðast erum við öll lið sem hefur það sameiginlega markmið að vilja að samgöngurnar gangi hraðar og betur fyrir sig. Það gerum við með því að halda okkar málstað á lofti og vera óhrædd að ræða málin.

Dagný Kristinsdóttir
Bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar



Bólið

FEBRÚAR 2025

MÁN VARMÁBÓL	ÞRI LÁGÓ & HELGÓ	MÍÐ VARMÁ & LÁGÓ	FIM HELGÓBÓL	FÖS ÖLL BÓL
VIKAG 3 SEX-KAHOOT	VIKAG 4 SEX-KAHOOT	VIKAG 5 KYNFÆRA FÖNDUR	VIKAG 6 KYNFÆRA FÖNDUR	VARMÁ 7 SÖNGKEPNI KRAGANS
10 BRAINFREEZE	11 NÁTTFATAOPNUN	12 BOB ROSS MÁLUN	13 POPP & BÍÓKVÖLD	14 HELGÓ VALENTÍNUSAR KÓSY
17 NÚÐLUKVÖLD	18 TOY STORY MARAÐON	19 SPÁKVÖLD ÖNNU	20 VONDU NAMMI KEPPNI	21 LÁGÓ ÍÞRÓTTAHÚS FJÖR
24 VONDU NAMMI KEPPNI	25 POPP & KAKÓ	26 SPILAKVÖLD	27 TOY STORY MARAÐON	28 LÁGÓ LOKAÐ V. SKÍÐAFERÐAR

OPID ÖLL KVÖLD FRÁ 19:30- 21:45

[instagram.com/bolid270](https://www.instagram.com/bolid270)



DAGUR OG DANIRNIR

Ég hefði viljað sjá Dag vinna HM í handbolta með króatíska landsliðinu. Danmörk er frábært land, ég veit það eftir að hafa búið þar í sex ár. En það er bara ekkert skemmtilegt að sama liðið vinni allt af. Ekki nema auðvitað fyrir Danina sjálfa. Dagur er mjög áhugaverður þjálfari sem hefur náð merkilegum árangri á sínum þjálfaraferli. Hann nær vel til leikmanna og nær öðrum fremur að skapa sterka liðsheild þar sem allir hafa hlutverk og allir skipta máli. Snorri Steinn landsliðsþjálfari Íslands getur lært margt af Degi, til dæmis að búa til þannig umhverfi að allir upplifi að þeim sé treyst og að þeir hafi mikilvægt hlutverk í liðinu. Of margir leikmenn okkar voru utan þess umhverfis á mótinu, fengu mjög fáar mínútur inni á vellinum og var kippt út af nánast við fyrstu mistök. Þetta er mitt mat, hafandi horft á leikina og líkamstjáningu leikmanna.

En, Danirnir, maður minn lifandi! Þetta er magnaður árangur, að vinna heimsmeistararitil fjórum sinnum í röð. Þetta á ekki að vera hægt. Ég viðurkenni að ég veit ekki helstu ástæður þessa árangurs, en ætla að kafa ofan í þær og komast að þeim. Mig grunar að danska leiðin í samskiptum, að gefa öllum tækifæri á að segja sína skoðun, ræða innan hópsins og komast að sameiginlegri niðurstöðu sé hluti af skýringunni – það er ein leið til þess að skapa umhverfi þar sem öllum finnst þeir skipta máli. En þetta er enn bara tilgáta.

Hvernig er þetta í þínu umhverfi? Upplifir þú að þér sé treyst? Veistu þitt hlutverk? Treystir þú þínu fólki og gefur því svigrúm til að vaxa og dafna sem einstaklingar og um leið sem liðsheild? Við erum öll á einhvern hátt hluti af teymi. Sama hver staða okkar er í teyminu, þá getum við haft jákvæð áhrif á það.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Skipulagið á Blikastaðalandi

Rétt fyrir sveitastjórnarkosningar 2022 var undirritaður samningur við landeiganda Blikastaðalands um uppbyggingu á svæðinu.



Á þessum þremur árum sem liðin eru hefur mikil vinna átt sér stað við hönnun og greiningu á umhverfisáhrifum sem byggðin mun hafa fyrir hverfið. Rík áhersla hefur verið lögð á þætti eins og skuggavarp, birtuskilyrði, hljóðvist og loftgæði ásamt umferðargreiningum. Nú stendur yfir kynning á deiliskipulagi 1. áfanga Blikastaðalands á vinnslustigi. Hægt er að senda inn athugasemdir til 10. febrúar.

Íbúðabyggð á milli fells og fjöru

Blikastaðaland er mjög fallett og veður-sælt land þar sem áhersla verður á að flétta saman náttúru og mannvænt bæjarhverfi. Íbúðabyggðin verður tengd með grænum geirum sem tengist vel göngu- og hjólréiðastígum. Hér eru mikil tækifæri til að byggja framsýnt hverfi sem hentar ungum sem öldnum og ýtir undir breytingar á samgönguvenjum og notkun virkra ferðamáta.

Breyttar samgönguvenjur

Það þarf að horfa til framtíðar, og ég veit að margir, eins og ég, hafa vanist því að fara nánast allt á bíl. Við sjáum ekki fyrir okkur að fjölskylda eigi bara einn bíl eða jafnvel engan. En staðreyndin er að við þurfum að

huga öðruvísi ef við ætlum ekki að vera föst í bílaumferð alla daga. Bílum í umferðinni fjölga að meðaltali um 70 í hverri viku og það þarf engan sérfræðing til að sjá að það verður fljótt ófremdar-ástand. Borgarlína mun ekki leysa allan vandann, en hún er hluti af lausninni.

Við þurfum að sporna gegn þeirri venju okkar að vera nánast alltaf ein á bíl. Þið getið ímyndað ykkur hvernig ástandið verður eftir 20 ár ef við höldum uppteknum hætti. Fyrir utan lýðheilsuleg áhrif! Ungu fólkið hugsar margt hvert öðru vísi en við miðaldra fólkið. Það er t.d. ekki eins algengt og áður var að bílprófið og bíllinn væru komin í hús á 17 ára afmælisdaginn. Það er dýrt að kaupa og reka bíl og þau vita að það er ýmislegt annað hægt að gera við þá fjármuni.

Áætlað er að Borgarlína komi til okkar árið 2033, og samkvæmt samningum um uppbyggingu hennar er það forsenda að vera með þetta byggð íbúða og þjónustu í kringum hana. Blikastaðahverfið er einmitt skipulagt þannig að fólki er gert kleift að fara flestra sinna erinda gangandi eða hjólandi.

Ungt fólk og húsnæðisþarfr

Sumir upplifa tilhugsun um þéttari byggð

á neikvæðan hátt en sannleikurinn er sá að til að uppfylla þörf samfélagsins fyrir íbúðir og fjölbreyttara húsnæði þá verðum við að nýta landið og innviðina betur en gert var áður fyrir. Þetta þýðir ekki sjálfkrafa að lífsgæði fólks verði minni.

Þegar vinnslutillagan er skoðuð sést að hugað er að þáttum eins og skuggavarp og birtustigi íbúða. Fjölbýlishúsin brotin upp í mismunandi hæðir til þess að létta yfirbragðið. Þannig að það verði ekki eins og einhver múr. Framboð minni íbúða er allt of lítið hér í Mosfellsbæ og því miður staðreynd að margt ungt fólk hefur þurft að flytja hédan og í önnur bæjarfélög þvert á sínar vonir um að stofna heimili í sínum heimabæ.


Í Blikastaðahverfinu verður blönduð byggð þar sem fólk hefur val um að kaupa minni íbúðir í fjölbýli eða vera í sérbyli og íbúar hafa val um að nýta vistvæna ferðamáta og sækja verslun og þjónustu í nærumhverfinu. Það er auðvitað val líka að búa í eldri hverfunum þar sem er stærra húsnæði og lóðir. Eitt hentar ekki öllum og fólk þarf að hafa val.

Það er gott að búa í Mosfellsbæ og það verður áfram gott að búa í Mosfellsbæ.

Halla Karen Kristjánsdóttir formaður bæjarráðs og bæjarfulltrúi Framsóknar

Fasteignagjöld – fasteignaskattur og þjónusta

Kostnaður á ári – fasteignagjöld, leikskóli og frístund



Tekjustofnar sveitarfélaga til að standa undir kostnaði við þjónustu við íbúana eru þrír; útsvar sem greitt er af launatekjum einstaklinga, fasteignaskattur sem greiddur er í hlutfalli við fasteignamat í sveitarfélaginu og að síðustu framlög úr Jöfnunarsjóði en þær greiðslur eru til að standa undir vissum sérgreindum verkefnum. Tekjustofnar sveitarfélaga eru ákvarðaðir í lögum frá Alþingi.



Vert er að geta þess að sveitarfélög fá engar tekjur vegna arðgreiðslna úr einkahlutafélögum eða af fjármagnstekjum íbúa. Gjöld vegna fráveitu, vatnsveitu og sorphirðu, sem eru hluti fasteignagjalda, standa undir kostnaði við að veita þá þjónustu samkvæmt lögum í landinu.

Þjónusta sveitarfélags er afar mikilvæg fyrir íbúa hvers sveitarfélags, en þjónusta kostar. Góð þjónusta kostar meira. Þjónusta Mosfellsbæjar er fjölbreytt, margvísleg og góð. Sveitarfélagið rekur grunnskóla og leikskóla, það rekur sundlaugar og íþróttamannvirki. Sveitarfélagið rekur einnig fjölmarga búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Þá rekur sveitarfélagið bókasafn, listasafn og tónlistarskóla og styrkir margvíslega menningarstarfsemi. Bærinn rekur Hlégarð og Brúarland þar sem fjölbreytt félagsstarfsemi blómstrar. Bærinn sinnir snjómokstri og heldur úti vinnuskóla, frístund og félagsmiðstöðvum, greiðir frístundastyrki til ungra sem aldinna og framlög til íþróttastarfsemi. Svona mætti áfram telja.

Fasteignaskattur

Álagningarseðlar vegna fasteignagjalda 2025 bárust íbúum í liðinni viku. Meðalhækkun fasteignaskatts frá fyrra ári fylgir

hækkun verðlags eins og verið hefur í Mosfellsbæ um árabíl. Fasteignaskattur byggir á fasteignamati sem er það gangverð sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun áætla að eignin hefði haft í kaupum og sölu í febrúarmánuði árið á undan. Hækkun fasteignaskatts getur verið eitthvað hærri í hverfum/götum þar sem söluverð eigna hefur verið yfir meðaltali.

Í Mosfellsbæ er hlutfall fasteignaskatts á íbúðahúsnæði 0,20% sem er með því lægsta á landinu. Reyndar er það svo að frá árinu 2014 til yfirstandandi árs hefur fasteignaskattur íbúðahúsnæðis ekki verið undir 0,20% nema síðastliðin tvö ár. Annars vegar árið 2023 þegar hann var 0,195% og hins vegar í fyrra þegar hann var 0,19%. Hæst var hlutfallið árin 2014-2016 þegar það var 0,265%.

Fasteignaskattur og börn

Mosfellsbær hefur um langa hríð lagt áherslu á þjónustu við barnafjölskyldur og börnin sjálf. Barnafjölskyldur eru yfirleitt á

þeim stað í lífinu að foreldrar eru að hefja starfsferil, að koma sér þaki yfir höfuðið samtímis því að ala upp börn sem við vitum flest að er ærið verkefni og kostnaðarsamt. Í Mosfellsbæ hefur verið lögð áhersla á að efla velferð barnafjölskyldna eftir megni og eru niðurgreiðslur gjalda vegna þjónustu við börn ein megin aðferðin sem beitt er.

Ég læt hér fylgja með mynd úr greinargerð með fjárhagsáætlun 2025 (aðgengileg á mos.is) sem sýnir samanburð á útgjöldum tveggja barna fjölskyldna á höfuðborgarsvæðinu sem búa í 100 m² íbúð í fjölbýli, vegna fasteignagjalda og þjónustu leikskóla og/eða frístundar.

Á þessari mynd má glögg sjá að Mosfellsbær heldur vel utan um börnin sín. Ég treysti mér til að fullyrða að fasteignasköttunum okkar sé vel varið þegar kemur að þjónustu Mosfellsbæjar og forgangsróð-unin skýr.

Anna Sigríður Guðnadóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar

Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við Jón Rafn í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við Óskar í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is



Óskar S. Axelsson
löggr. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is




Jón Rafn Valdimarsson
löggr. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is


MIKLABORG

Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, lögglitir fasteignasalar

 **Áslaug Filippa Jónsdóttir**
12. janúar
árið 2000 kom ég sæl heim eftir fyrsta vinnudag hjá Mosfellsbakaríi, segi þá við Dæja minn: "hvað er ég nú búin að gera, það er miðvikudagur! Ég á eftir að vinna þarna mjööög lengi!" (miðvikudagur til moldar)
Aldarfjórðungur síðan og ég mæti fersk í fyrramálið :) Bakarísfjölskylduna lít ég á sem mína eigin :) hafa öll árin reynst mér vel í gegn um súrt og sætt, þar fremst í flokki elsku Linda mín <3 Hef ákveðið að vera bara stolt af sjálfri mér. Það þarf ekki alltaf að vera breyta....


12. jan

 **Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
Smá frétt
úr Mosó í ljósi færslu Brynjars Níelssonar um að eldra fólk eigi að taka völdin í Sjálfstæðisflokknum þá höfum við Helgi Sigurðsson dýralæknir ákveðið að bjóða okkur fram sem lið í embætti formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins. En höfum enn ekki skipt með okkur verkum en koma svo :)

12. jan

 **Hafsteinn Pálsson**
Íbúafjöldinn í Mosfellsbæ
1. febrúar 2025: 14.161
Heimild: Þjóðskrá

1. feb

 **Ingibjörg Kjartansdóttir**
Ef það hefur farið fram hjá einhverjum þá vil ég bara minna á að í dag er kyndilmessu og þá er gott að minna á þessa góðu vísu sem á vel við í dag þar sem á morgun er von á stormi með gulum og appelsínugulum viðvörðunum um land allt.
En sólin sást í heiði í Mosó í dag svo það er spurning með snjóin upp frá þessu.
Ef í heiði sólin sést á sjálfa kyndilmessu snjóá vænta máttu mest maður, upp frá þessu.

2. feb

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



MALBIKSTÖÐIN



GARÐMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



Fébaetur

Innheimta slysa- og skaðabóta.

www.febaetur.is
S: 547-4700.

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR



EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is



GIRDIR

ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUBUNNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Audbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is 554 2510



OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug
Virkir dagar: 6:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00




Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Þú finnur öll blöðin á netinu

WWW.MOSFELLINGUR.IS




VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

896-9443 896-2279

ÞAÐ SEM TIL ÞARF



LJÁRDALUR

WWW.LJARDALUR.IS

SMÁGRÖFUR OG VINNUVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

HEYST HEFUR...

...að Pétur Jóhann verði með uppi-stand í Hlégarði fimmtudagskvöldið 27. febrúar.

...að Helga Þórdís skólastjóri Listaskólans eigi þátt í lagi og texta í Söngvakeppni sjónvarpsins í ár sem dóttir hennar, Birgitta, syngur.

...að til hafi staðið að opna nýtt íþróttahús við Helgafellsskóla í janúar.

...að verið sé að endurmeta framtíð leikskólans Hlaðhamra en raka-skemmdir og asbest hafa fundist í byggingarefnum.

...að hraðbankar í Mosó séu byrjaðir að bjóða upp á rafræn skilríki í gegnum símann fyrir helstu aðgerðir.

...að Deli matvöruverslun sé að fara að opna í Kjarna á næstu dögum, pólsk verslun með áherslu á evrópskar vörur.

...að Kaffi Kjós, við Meðalfellsvatn, sé komið aftur á sölu.

...að Ægir Lindal hafi klippt hálf landsliðið þegar hann mætti til Króatíu.

...að tvítugi Mosfellingurinn og ein skærasta vonarstjarna Íslands í bardagaíþróttum, Hákon Örn, sé búinn að skrifa undir bardaga í Bretlandi 29. mars.

...að handboltapjálfi Aftureldingar, Gunnar Magg, hafi verið helsti sérfræðingur og leikgreinandi Dags og silfurliðs Króata á HM.

...að mosfelli fótboltakappinn Róbert Orrri sé genginn til liðs við Víking.

...að Vetrarbingó verði haldið í Bankanum fimmtudaginn 20. febrúar.

...að Mosfellingurinn og rapparinn Nóri verði með sína fyrstu tónleika í Hlégarði á laugardaginn.

...að verið sé að skrifa sögu Reykjalundar en hann á 80 ára afmæli á árinu.

...að leikskólinn Höfðaberg sé eini skólinn í Mosó sem er í verkfalli.

...að Heiðrún og Andrés hafi gift sig á dögnum.

...að Mosfellingar séu búnir að vera duglegir að nora göngusporin sem Magne hjá Sporinu hefur útbúið að undanförunu.

...að Íris Dóra verði þrítug um helgina.

...að Embla Líf og Vilhjálmur eigi von á barni í sumar.

...að Helgafellið verði uppljómað í tilefni vetrarhátiðar um helgina.

...að leikskólinn Reykjakot sé 30 ára um þessar mundir.

...að árhátið starfsfólks Mosfellsbæjar verði haldið í íþróttahúsinu að Varmá laugardaginn 8. mars.

...að hitnað hafi aðeins í kolunum á íbúafundi um skipulag Blikastaðalands á dögnum.

...að Afturelding sé í bullandi toppbaráttu í Ólisdeildinni eftir sigur gegn ÍR í vikunni.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar



Enok Blær Karlsson fæddist 5. október 2024. Hann kom í heiminn kl. 03:04, 53 cm og 4.146 gr. Foreldrar eru Elísabet Björk Guðnadóttir og Karl Bjarni Guðmundsson. Systkini eru Sigríður Elma, Maríus Máni, Jón Emil, Elna Kristín Líf, Guðmundur Bastian og Eypór Tindur.

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Saga Rúnarsdóttir Markan fæddist 20. október 2024 kl. 20:26. Hún var 3.410 gr og 50,5 cm. Foreldrar eru Fjóra Margrét Markan og Rúnar Kjartansson.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Í eldhúsinu



HJÁ BERGLINDI

Besta lasagnað

Berglind Grétarsdóttir deilir hér með okkur uppskrift að uppáhaldsrétti barnanna sem er að þeirra mati allra besta lasagnað.

Innihald:

- 2 hvítlauksgeisar.
- 1 litill rauðlaukur.
- Ólífuoía.
- 500 g af nautahakki.
- 1 dós (411 g) af niðurskornum tómötum með basil, hvítlauk og oregano frá Hunt's.
- 1 dós (170 g) af tómátþykkni með basil, hvítlauk og oregano frá Hunt's.
- Krydd eftir smekk, t.d. hvítlauksduft og blandað ítalskt krydd frá Pottagöldrum.
- Lasagna-plötur (ég nota yfirleitt frá Barilla).
- Um 250-300 g af kotasælu.
- Um 250-300 g af rjómaosti.
- Niðurrifinn ostur (t.d. pizzaostur) eftir smekk.

Aðferð:

Byrjið á því að finna eldfasta mótið sem lasagnað á að fara í og mælið fjöldann af lasagna-plötum þannig að það verði tvær raðir. Láta plötur liggja í köldu vatni á meðan verið er að elda kjötið (en þó ekki í sama fatinu og á að elda í). Plötur verða mykri við þessa aðferð.

Afhýðið hvítlaukinn og rauðlaukinn og saxið þá niður. Hitið olíuna á pönnu og steikið laukana þangað til þeir eru orðnir mjúkir. Bætið við hakkinu og eldið í gegn. Þá er tómötunum og tómátþykkni bætt við.

Þetta er látið malla saman og á meðan er kotasælunni og rjómaostinum blandað saman. Kryddið eftir smekk en ég krydda frekar mikið og bæti mjög litlu salti við.

Hellið vatninu af lasagna-plötunum, setjið um helming af kotasælu og rjómaostablöndunni neðst í eldfast mót, svo helming af lasagna-plötunum og svo helming af kjötblöndunni. Endurtakið þetta og setjið

niðurrifna ostinn síðast. Þetta er eldað í 200°C heitum ofni í ca. 20 mínútur eða þangað til osturinn er vel bráðnaður og dekkri á lit.

Með þessu er borðað ferskt salat sem inniheldur lambahagasalat, gúrku, litla tómata, rauða papriku, avokadó og rauð vinber. Ekki verða að bjóða upp á salatost með því og svo er hvítlauksbraud algjört móst.

Verði ykkur að góðu

Berglind skorar á Belindu Chenery að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

ÁHRIF VIGDÍRAR Á ALLT SAMFÉLAGIÐ

Hver elskar ekki þegar Stöð 2 eða Rúv byrja að sýna nýja íslenska sjónvarps-seríu og maður fer að fylgjast með línulegri dagskrá í hverri viku?

Þættirnir Vigdís sem hafa verið á skjám flestra landsmanna núna í janúar voru akkúrat sjónvarpsefnið sem við þurftum. Áhrifaríkt líf Vigdísar Finnbogadóttur, unga konan sem þurfti að berjast fyrir réttindum sínum sem kona. Hún fékk ekki að mennta sig eins vel og karlmenn fengu eða hvað þá þegar hún bauð sig svo fram til embættis forseta Íslands, því lík vitleysa á þeim tíma.

En í dag eru heldur betur breyttir tímar, maður sefur lengur því maður nennir ekki að keyra upp í skóla til að hlusta á hámenntuðu kennarana sína kenna sér af því að það er auðveldara að læra þetta bara sjálfur seinna. Hvað þá um að fara í forsetaframboð eða í framboð til Alþingis, konur eru núna oft á tíðum orðnar í miklum meirihluta og þá er gott að fá eitthvað eins og þættina um Vigdís Finnbogadóttur í Ríkissjónvarpið sem draga mann niður á jörðina og minna mann á það að allir þessir hlutir voru ekki svo sjálfsgöðir. Hefði þessi frábæra kona ekki staðið með sjálfri sér og barist fyrir sínum réttindum þá held ég að menntun og framboð væru ekkert endilega sjálfsgöður hlutur fyrir okkur konur.

Ég er allavega þakklát Vigdís fyrir að hafa rutt brautina fyrir okkur hinar og mun ég reyna að ryðja brautina áfram fyrir næstu komandi kynslóðir.



BIRTA



LJÚFFENGAR KÖKUR Í MOSFELLSBAKARÍ

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS





**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT**

6. MARS

*Bláðinu er dreift fritt
í öll hús í Mosfellsbæ.*

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

MG LÖGMENN

Öll almenn
lögfræðipjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



**VILTU
SELJA?**

588 55 30
WWW.BERG.IS



Líkami og sál
Fótaaðgerðastofa

bverholt 11
sími : 566-6307

www.likamiogsal.is

Gjafakortin okkar er hægt að kaupa á netinu
og fá sent í tölvupósti um hæð

Gjöf sem gleður alla



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Sjúkráþjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



Bílapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



MALBIKSTÖÐIN

WWW.MOSFELLINGUR.IS

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú að gera í vetrarfríinu?



SIGURRÓS:
Fara til Akureyrar.



DAGUR:
Fara í fjallgöngu.




EYGLÓ MARÍA:
Fara norður.



ALEXÍA YR:
Akureyri.



BENJAMÍN ÝMIR:
Fara á snjóbretti með pabba.



HEKLA DAM:
Ég ætla að fara á Húsafell.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Æskuljóminn



Anna varla eftirspurn



Trúlofuð á blóti



Oddviti og formannsefni



Legend að Varmá



Hawaii stemning á þorranum



Happdrættisvinningurinn



GRIMSBY DAGURINN
HALDINN HÁTÍÐLEGUR Í FYRSTA SINN

TVÍFARAR



Arni Trausta



Joe Biden

QUIZ



Bjóðum Alexöndru Líf velkomna til okkar á Sprey Hárstofu í Mosfellsbæ

Alexandra mun hefja störf í mars og hægt er að bóka tíma í síma 5176677 - Sprey.is eða á noona appinu



Hárstofan
Sprey

Hægt er að panta tíma á Sprey.is eða í síma 5176677 Mosfellsbæ og Garðabæ.

ÖLL ALMENN MÚRVINNA

- Múr- og sprunguviðgerðir •
- Steypuslípun •
- Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
 - Flotun •
 - Hleðslur •
 - Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777
husrad@husradverktakar.is



Valentínusar matseðill

Kvöldið byrjar með valentínusar kokteil að hætti barþjóna BlikBistro

Forréttur

Sushi pizza með laxatörtum og yuzu majó

Aðalréttur


Grilluð Nautalund að ítölskum hætti með Ruccola og parmesan ásamt stökkum kartöflum

Eftirréttur

Völg súkkulaðikaka með heitri karamellu og hindberjasorb

10.490 kr á mann

Pantið borð á blikbistro.is
eða hringið í síma 566-8480



ALLT

F A S T E I G N A S A L A

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505
Þverholt 2 • Mosfellsbær



KLAPPSTÝRUR BLÓTA

Klappstýrurnar snéru aftur á þorrablóti Aftureldingar sem fram fór í þróttahúsinu að Varmá 25. janúar. Þúsund manns sóttu blótið sem er metfjöldi í Mosfellsbæ. Gleðin var við völd eins og sjá má.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

2025

Dagbækur og vasadagbækur
Margar gerðir



Nafnagyllingar á frábæru verði!



MÚLALUNDUR
Við Reykjaland, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Brynjólfur Jónsson
löggiltur
fasteignasali
898-9791

Þjónusta við
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð
897 0047



Frostafold 113



Frostafold í Grafarvogi. 82 fm íbúð með sér inngangi á þriðju og efstu hæð í góðu fjölbýli. Flott útsýni. Óbyggt og gróð umhverfi neðan við hús. Næg bílastæði. Mik­ið endurnýjuð íbúð.

Verð: 65,5 m.

Finnsstaðir



Jörðin er 600 hektarar að stærð auk lands í Fjarðarheiði í næsta nágrenni við Egilsstaði. Tvö einbýlishús og góð útihús og vélaskemma. Á jörðinni er rekin ferðaþjónusta og hestaleiga. Mjög fallegt land með veiðirétti og hreindýraarði. Skógur og mik­ið gróð.

Verð: 235 m.

Stórikriki 2



Falleg íbúð. 117 fm á flottum stað með ca. 20 fm bílastæði í bílahúsi. Allar innréttingar úr eik og eikarparket. 3 góð svefnherbergi. Flott eldhús og opið inn í stofu. Gengið út á verönd í suður úr stofu.

Verð: 84 m.

Blesabakki 3



Vel staðsett 55,3 fm hesthús við Blesabakka 3 í Mosfellsbæ. Hesthúsið er í neðstu götu hesthúsa­hverfisins. Gott aðgengi og óspillt náttúra umhverfis. Sér gerði. Mik­ið búið að endurnýja. Nýtt rafmagn og veggir uppsteyptir.

Verð: 22,9 m.